

**ÁRSSKÝRSLA
FRÆÐSLUSKRIFSTOFU
SKÓLAÁRIÐ
2016-2017**



MOSFELLSBÆR



Ársskýrsla Fræðsluskrifstofu skólaárið 2016–2017

Ábyrgð: Linda Udengaard, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs

Umsjón: Magnea Steinunn Ingimundardóttir, verkefnastjóri

Helstu heimildir: Skólastefna Mosfellsbæjar, skólanámskrár og heimasíður skólanna, fyrri ársskýrslur Fræðslusviðs, niðurstöður ýmissa kannanna, greinagerðir stjórnenda og Fræðsluskrifstofu.

© Fræðslusvið 2017

Skýrslan er gefin út á rafrænu formi og miðlun fer fram í gegnum vefsíðuna www.mos.is

Efnisyfirlit

Inngangur	6
Fræðslunefnd	7
Grunnskólar Mosfellsbæjar	9
Varmárskóli	10
Lágafellsskóli	10
Krikaskóli	11
Kennslumagn	15
Samræmd könnunarpróf haustið 2016 og vorið 2017	17
Stuðningur	17
Nýbúakennsla	18
Námsráðgjöf	18
Frístundasel grunnskólanna í Mosfellsbæ	19
Leikskólar	20
Hlaðhamrar	20
Hlíð	20
Hulduberg	21
Höfðaberg	21
Reykjakot	22
Leirvogstunguskóli	22
Krikaskóli	22
Tölulegar upplýsingar um leikskólana	23
Daggæsla barna	26
Dagforeldrar	26
Foreldrasamstarf	27
Opin hús	27
Fræðsla til starfsfólks leik- og grunnskóla	28
Endurmenntunarsamstarf SSH	28
Grunnskóli	28
Leikskóli	29
Mat á leik- og grunnskólastarfi	30
Mat á leik- og grunnskólastarfi	30
Raddir barna	31
Rannsókn á högum og líðan barna	31
Þróunar-, nýbreytni- og önnur verkefni	33
Ungbarnadeildir	33


Leikskólar.....	33
Samstarf leik- og grunnskóla.....	35
Lýðheilsuverkefni og heilsueflandi skólar.....	35
LÆSI	36
Skólahornið	36
Litla upplestarkeppnin	37
Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk	37
Varmárskóli	41
Krikaskóli	44
Samstarf fræðsluskrifstofa.....	46
Vegvísir	46
Listaskóli Mosfellsbæjar	47
Lokaorð	49

Inngangur

Fræðsluskrifstofa Mosfellsbæjar starfar á fræðslu- og frístundasviði Mosfellsbæjar. Skrifstofan annast stjórnsýslu, rekstur og þjónustu vegna uppeldis- og menntamála bæjarfélagsins. Fræðsluskrifstofan fylgist með framkvæmd skólahalds og hefur yfirumsjón með áætlanagerð og almennt eftirlit með skólastarfi. Fræðsluskrifstofan sér leik- og grunnskólum fyrir sérfræðilegri ráðgjöf samkvæmt lögum og reglugerðum og hvetur til umbóta og framþróunar í skólastarfi, auk þess að koma að endurmenntun starfsmanna og fræðslu til foreldra.

Framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs skólaárið 2016-17 var Guðbjörg Linda Udengaard. Starfsmenn Fræðsluskrifstofu veturinn 2016-2017 voru: Gunnhildur María Sæmundsdóttir skólafulltrúi, Magnea Ingimundardóttir, verkefnastjóri og sálfræðingarnir: Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, Guðríður Þóra Gísladóttir og Una Rúnarsdóttir sálfræðingur sem starfaði í fjarveru Jóhönnu Dagbjartsdóttur sem var í fæðingarorlofi.

Í ársskýrslunni er fjallað um starfsemi fræðsluskrifstofunnar, starfsemi og tölfræði leik- og grunnskólanna auk upplýsinga um foreldrasamstarf, dagforeldra og listaskóla svo eitthvað sé nefnt. Allar tölur miðast við 1. október 2016 nema annað sé tekið fram.



Fræðslunefnd

Fræðslunefnd Mosfellsbæjar fer, í umboði bæjarstjórnar, með yfirstjórn fræðslumála á vegum Mosfellsbæjar.

Hlutverk fræðslunefndar er samkvæmt [3. grein](#) samþykktar fyrir Fræðslunefnd Mosfellsbæjar¹:

- að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í fræðslumálum og hafa eftirlit með að stefna bæjarvalda á hverjum tíma sé haldin
- að hafa eftirlit með stofnunum, sem vinna að fræðslumálum og fylgjast með að þær vinni að settum markmiðum, í samræmi við lög og veiti góða þjónustu
- að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í fræðslumálum með tölulegum upplýsingum og könnunum meðal bæjarbúa. Einnig að fjalla um þær kvartanir sem berast vegna þjónustunnar
- að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur.
- að vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í fræðslumálum.

Hlutverk fræðslunefndar samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla er:

- að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,
- að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla,
- að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
- að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu,
- að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,
- að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.
- að fara með málefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla.

Verkefni fræðslunefndar eru samkvæmt [4. grein](#) áður nefndar samþykktar fyrir Fræðslunefnd Mosfellsbæjar:

-að fara með þau verkefni sem skólanefnd eru falin samkvæmt lögum um grunnskóla [nr. 91/2008](#)

-að fara með verkefni sem leikskólanefnd eru falin samkvæmt lögum um leikskóla, [nr. 90/2008](#).

-að fara með málefni Listaskóla Mosfellsbæjar, sbr. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, [nr. 75/1985](#).

-að fara með málefni framhaldsskóla samkvæmt lögum um framhaldsskóla [nr. 92/2008](#)

að veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum og hafa eftirlit með rekstri gæsluvalla fyrir börn.

-að hafa heildaryfirsýn yfir dagvistun fyrir börn í sveitarfélaginu og sjá til þess að íbúar geti fengið aðgengilegar upplýsingar um þau mál.

-að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.

¹ Sett með heimild í 54. og 55. gr. samþykktar um stjórn Mosfellsbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 428/2000
Samþykkt á 374. fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 21.05.2003

Í fræðslunefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af bæjarstjórn. Fulltrúar í fræðslunefnd 2016-2017 voru

Hafsteinn Pálsson (D) formaður, Bryndís Brynjarsdóttir (V) varaformaður, Kolbrún Þorsteinsdóttir (D), Pálmi Steingrímsson (D), Steinunn Dögg Steinsen (S) og Hildur Margrétardóttir (M).

Hafsteinn Pálsson (D) hætti sem formaður í lok febrúar og tók þá Kolbrún Þorsteinsdóttir (D) við sem formaður en Hafsteinn sat áfram sem aðalmaður

Áheyrnarfulltrúar þegar fundað var um leik- og/eða grunnskólamál 2016-2017: Þórhildur Elvarsdóttir fulltrúi grunnskólastjórnenda, Ragnheiður Halldórsdóttir fulltrúi leikskólastjórnenda, Vilborg Sveinsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Bryndís Ásmundsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóla, Róbert Ásgeirsson fulltrúi foreldra grunnskólabarna og Freyja Leópoldsdóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna.

Áheyrnarfulltrúar þegar fundað var um málefni Listaskólans: Atli Guðlaugsson skólastjóri Listaskólans, Símon H. Ívarsson fulltrúi starfsmanna tónlistardeildar, Daði Þór Einarsson stjórnandi Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar

Starfsmenn fræðslunefndar: G. Linda Udengaard framkvæmdastjóri fræðslusviðs, Gunnhildur María Sæmundsdóttir skólafulltrúi og Magnea Steinunn Ingimundardóttir verkefnastjóri.



Grunnskólar Mosfellsbæjar

Grunnskólar Mosfellsbæjar störfuðu á skólaárinu 2016 - 2017 eftir lögum um grunnskóla [nr. 91/2008](#) og reglugerðum við þessi lög. Starfað var eftir nýrri aðalnámskrá frá 2011 en innleiðing hennar hefur staðið yfir en gert var ráð fyrir að hálfu ráðuneytis að innleiðing tæki allt að 4 -5 ár. Jafnframt vinna skólarnir eftir [Skólastefnu Mosfellsbæjar](#) frá 2010 og öðrum samþykktum bæjarstjórnar Mosfellsbæjar er snerta skóla. Auk þess tekur starfsemi skólanna mið af öðrum lögum um opinbera þjónustu, reglugerðum við þau, auk kjarasamninga starfsmanna.

Sjálfstæði grunnskólanna í Mosfellsbæ hefur aukist mjög á undanförunum árum. Með sjálfstæði skóla er átt við faglegt, fjárhagslegt og stjórnunarlegt sjálfstæði skóla til að útfæra þá stefnu sem mörkuð hefur verið af ríki (lög, reglugerðir og aðalnámskrá), sveitarfélaginu (skólastefnu) og með kjarasamningum. Skólarnir bera ábyrgð á framkvæmd ofangreindrar stefnumótunar.

Með faglegu sjálfstæði er átt við að skóli móti sjálfur faglegt starf sitt og sérstöðu innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar sveitarfélagsins. Stefna skólanna birtist í starfsáætlunum/skólanámskrám þeirra. Áætlun um sjálfsmat skólanna og símenntunaráætlanir og fleira eru hluti af starfsáætlunum/skólanámskrám skóla.

Með fjárhagslegu sjálfstæði er átt við að skóli ráðstafi því fjármagni sem hann fær úthlutað við upphaf hvers almanaksárs innan ramma laga, kjarasamninga og stefnumörkunar sveitarfélagsins. Hver skóli fær úthlutað fjárhagsramma skólans fyrir viðkomandi ár við upphaf ársins. Úthlutun fjármagnsins er samkvæmt þar til gerðu reiknilíkani. Hver skóli gerir rekstraráætlun fyrir hvert ár. Í henni er kynnt áætluð ráðstöfun þess fjármagns sem skólinn fær úthlutað. Skólastjóri er ábyrgur fyrir því að skólinn sé innan fjárhagsrammans við lok hvers árs. Með stjórnunarlegu sjálfstæði er átt við að skólar móti sjálfir skipulag og stjórnun innan skólans og hafi ráðningu allra starfsmanna í höndum sínum.

Skóladagatal er unnið af skólunum og leitast skólarnir eftir fremsta megni við að samræma starfsdaga grunn- og leikskóla foreldrum bæjarfélagsins til hægðarauka. Skóladagatalið er síðan staðfest í fræðslunefnd ár hvert.



Varmárskóli, www.varmarskoli.is

Skólastjórar: Þórhildur Elvarsdóttir og Þórunn Rósa Ólafsdóttir.

Varmárskóli var stofnaður árið 1961 í húsnæði Brúarlands sem áður hýsti Brúarlandsskóla og var hann starfræktur sem barnaskóli til lokar síðustu aldar er ákveðið var að sameina Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar og Varmárskóla undir nafninu Varmárskóli. Nemendafjöldi barnaskólans óx í takt við stækkandi bæjarfélag og sem dæmi má nefna að árið 1978 voru í Varmárskóla um 500 nemendur en 1999 voru þeir orðnir 1100, enda eini grunnskóli bæjarins.



Fyrsti áfangi Helgafellsskóla er í byggingu skv. áætlun. Skólastarf skólans er þó hafið í Brúarlandi undir stjórn Varmárskóla. Stefnt er að því að skólastarf í nýjum Helgafellsskóla hefjist í upphafi árs 2019.

Haustið 2016 hófu 768 nemendur nám við Varmárskóla, þar af voru um 20 börn í Brúarland. Starfsmenn voru 128 starfsmenn í 108,12 stöðugildum.

Áherslur í starfi Varmárskóla, auk hefðbundins skólastarfs, eru útikennsla og umhverfisvernd.

Lágafellsskóli, www.lagafellsskoli.is

Skólastjóri: Jóhanna Magnúsdóttir

Lágafellsskóli hóf starfsemi árið 2001. Á fyrsta starfsári skólans voru þar 250 nemendur í 1-6.bekk og var á þeim tíma áætlað að skólinn myndi hýsa um 500 nemendur þegar hann næði fullri stærð. Frá þeim tíma hefur skólinn tvisvar verið stækkaður og nemendafjöldi á síðasta skólaári voru 710 nemendur auk 50 nemenda í 5 ára deild.

Skólaveturinn 2016–2017 voru í Lágafellsskóla (og Höfðabergi) 117 starfsmenn 95,5 stöðugildum.

Sérstakar áherslur í Lágafellsskóla er fjölbreytileiki einstaklingsins og einstaklingsmiðað nám. Einkunnarorð skólans eru: Samvera, samvinna, samkennd.



Uppbyggingastefnan hefur verið í þróun hjá Lágafellsskóla undanfarin ár og er hún að festa sig í sessi þar sem markmiðið er að kenna nemendum sjálfsaga og sjálfstjórn, gera sér grein fyrir þörfum sínum og uppfylla þær, finna lífsgildi sín og hegða sér samkvæmt þeim og að styrkja vilja og sjálfsmynd nemandans. Með öðrum orðum að byggja upp sjálfstraust og að hjálpa nemandanum að verða sá sem hann vill verða.

Krikaskóli www.krikaskoli.is

Skólastjóri: Þrúður Hjelm

Krikaskóli tók til starfa sumarið 2008. Útibú hans var staðsett veturinn 2009-2010 í Helgafellslandi, Brekkukoti, eða fram til apríl 2010 er skólinn flutti í sitt endanlega húsnæði í Sunnukrika. Krikaskóli er leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum 2ja - 9 ára og starfsemin tekur mið af skólastefnu Mosfellsbæjar um heildstætt uppeldis- og skólastarf í leik- og grunnskólum.

Veturinn 2016-2017 voru 107 börn á grunnskólaaldri í Krikaskóla. 50 starfsmenn í 41,8 stöðugildum störfuðu við skólann í heild þ.e. við leik – og grunnskólahlutann en starfandi kennarar voru 10 í 7,9 stöðugildum.

Sérstakar áherslur í starfi Krikaskóla er samkenndsla árganga og útikennsla.



Tölulegar upplýsingar um grunnskólana

1585 nemendur hófu nám í grunnskólum Mosfellsbæjar haustið 2016, 710 í Lágafellsskóla, 768 í Varmárskóla og 107 í Krikaskóla og er það fjölgun um 16 nemendur.

Fjöldi nemenda og bekkjardeilda 01.10.16:

Lágafellsskóli	Nemendafjöldi	Fjöldi Bekkjardeilda*
1. bekkur	65	4
2. bekkur	68	4
3. bekkur	69	4
4. bekkur	71	4
5. bekkur	75	4
6. bekkur	65	3
7. bekkur	76	4
8. bekkur	70	3
9. bekkur	84	4
10. bekkur	67	3
Samtals	710	37

Fjöldi nemenda og bekkjardeilda 01.10.16:

Varmárskóli	Nemendafjöldi	Fjöldi bekkjardeilda*
1. bekkur	66	4
2. bekkur	74	4
3. bekkur	62	3
4. bekkur	76	4
5. bekkur	87	4
6. bekkur	80	4
7. bekkur	73	4
8. bekkur	88	4
9. bekkur	85	4
10. bekkur	77	4
Samtals	768	39

* Ath. fjöldi bekkjardeilda innan árgangs gefur oft ekki rétta mynd af meðalfjölda nemenda í bekk eða nemendahópi. Oft er bekkjum skipt upp í ákveðnum tilgangi eða í ákveðnum greinum þeim skipt í smærri hópa. Færri nemendur eru þá á hvern kennara þegar svo ber undir.


Krikaskóli	Nemendafjöldi	Fjöldi bekkjardeilda
1. bekkur	29	2
2. bekkur	28	1
3. bekkur	26	2
4. bekkur	24	1
Samtals	107	6

Þróun nemendafjölda (1. - 10. bekkur) í grunnskólum Mosfellsbæjar 2002-2016

(tölur miðast við 1. okt ár hvert)

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Varmáarskóli	823	794	732	725	696	710	716	680	662	678	680	724	734	731	768
Lágafellsskóli	371	443	516	567	628	629	666	681	702	679	702	698	709	731	710
Krikaskóli	0	0	0	0	0	0	0	29	57	82	79	91	96	107	107
Samtals	1194	1237	1248	1292	1324	1339	1382	1390	1421	1439	1461	1513	1539	1569	1585

Þróun grunnskólanemenda 2002-2016



Í Klettaskóla voru 7 börn veturinn 2016-17

Þróun nemendafjölda í sérskólum 2002-2016 (Klettaskóli, Brúarskóli)

2002-3	2003-4	2004-5	2005-6	2006-7	2007-8	2008-9	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16	2016-17
8	7	5	6	8	8	4	4	4	6	5	6	5	6	7

Nemendur í grunnskólum Mosfellsbæjar með lögheimili utan Mosfellsbæjar skólaárið 2016-17 voru 21 á haustönn en 26 á vorönn og komu þau flest frá Reykjavík. Um er að ræða börn á vegum barnaverndar, börn frá Fitjum, Varmárdal og Kjalarnesi auk barna sem eru að flytja í Mosfellsbæ í húsnæði í byggingu og lögheimili því oft að detta inn á meðan skólaárið stendur yfir.

Þróun nemendafjölda sem er með lögheimili utan Mosfellsbæjar en stundar nám í grunnskólum Mosfellsbæjar 2002-2016 (tölur miðast við 1. okt ár hvert)

2002-3	2003-4	2004-5	2005-6	2006-7	2007-8	2008-9	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16	2016-17
9	9	7	9	14	13	18	12	17	15	24	29	17	18	21

Nemendur í almennum skólum utan Mosfellsbæjar voru 21 líkt og árið áður, þar af voru fimm við nám í Waldorfskólum, þrír í Suðurlíðaskóla og þrettán í almennum skólum í Reykjavík. Þessi aukning er m.a. tilkomin vegna nýrrar greinar (6. gr) í reglum um skólavist utan lögheimilis sem samþykkt var á 610. fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 11. september 2013 en þar sem segir:

6. gr. Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar er heimilt að gera skriflega samninga við sérskóla og/eða einkarekna grunnskóla um greiðslur vegna nemenda með lögheimili í Mosfellsbæ og skal þá samningur miðast við að greiðslur séu sambærilegar og meðalkostnaður á nemanda í skólum bæjarins.

Þróun nemendafjölda sem stundar nám í almennum grunnskólum utan Mosfellsbæjar (með lögheimili í Mosfellsbæ) 2002-2016

2002- 3	2003- 4	2004- 5	2005- 6	2006- 7	2007- 8	2008- 9	2009- 10	2010- 11	2011- 12	2012- 13	2013- 14	2014- 15	2015- 16	2016- 17
10	12	7	6	18	23	25	22	15	13	14	19	17	21	21



Kennslumagn

Fræðslunefnd Mosfellsbæjar samþykkti á 149. fundi nefndarinnar þann 17. maí 2005 að fjölga kennslustundum í 1. – 4. bekk frá og með hausti 2005 umfram það sem tiltekið er í lögum. Kennslustundafjöldi þessara bekkja fór úr 30 stundum á viku í 35 þar til vorið 2009 þegar var tekin samræmd ákvörðun á höfuðborgarsvæðinu um að taka þessa áðurnefndu viðbótartíma af þ.e. fækka aftur um 5 kennslustundir hjá 1. – 4. bekk. Hafa ber þetta í huga þegar þróun kennslustundafjölda skólanna er skoðuð milli ára en auk þess stýrir fjöldi bekkjardeilda stóran þátt í breytingum milli ára.

Lágafellsskóli 2016-2017

Kennslustundafjöldi almennrar kennslu	1235,0
Kennslustundafjöldi skiptitíma og bókasafn	154,0
Sérkennsla	<u>208,0</u>
Samtals kennslustundafjöldi skólans	1597,0

Þróun kennslustundafjölda frá 2002-2016 í Lágafellsskóla.

Skólaár	Kennslumagn
2002 - 2003	892
2003 - 2004	1007
2004 - 2005	1130
2005 - 2006	1410
2006 - 2007	1479
2007 - 2008	1609
2008 - 2009	1630
2009 - 2010	1592
2010 - 2011	1563
2011 - 2012	1474
2012 - 2013	1599
2013 - 2014	1632,5
2014 - 2015	1658
2015 - 2016	1624
2016 - 2017	1597

Varmárskóli 2016-2017

Kennslustundafjöldi almennrar kennslu	1314
Kennslustundafjöldi skiptitíma og bókasafn	233
Sérkennsla	<u>228</u>
Samtals kennslustundafjöldi skólans	1775

Þróun kennslustundafjölda frá 2002-2016 í Varmárskóla

Skólaár	Kennslumagn
2002 - 2003	2008
2003 - 2004	1894
2004 - 2005	1777
2005 - 2006	1745
2006 - 2007	1649
2007 - 2008	1688
2008 - 2009	1668
2009 - 2010	1566
2010 - 2011	1555
2011 - 2012	1529
2012 - 2013	1494
2013 - 2014	1772,5
2014 - 2015	1780
2015 - 2016	1754
2016 - 2017	1775



Samræmd könnunarpróf haustið 2016 og vorið 2017

Megintilgangur samræmdra könnunarprófa er að veita skólum, nemendum og foreldrum upplýsingar um stöðu nemenda og skapa færi á að styðja við nám þeirra í viðkomandi greinum sem og tækifæri fyrir skóla að skoða einstaka þætti, hvað er vel gert og hvar má gera betur.

Í 2. grein reglugerðar númer 435 frá apríl 2009 segir um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla.

Tilgangur samræmdra könnunarprófa er að:

- athuga eftir því sem kostur er, að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð,
- vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur,
- veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda,
- veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins.

Niðurstöður prófanna gefa því til kynna hvar nemendur standa gagnvart öðrum nemendum á landinu og eru jafnframt gott hjálpartæki fyrir kennara og nemendur til að greina stöðuna í viðkomandi grein.

Námsmatsstofnun gaf hér áður fyrr út [skýrslur](#) um niðurstöður samræmdra prófa með áhugaverðum upplýsingar um heildarniðurstöður. Skýrslurnar tóku á dreifingu einkunna, meðaltöl á landsvísu og niðurstöðum eftir landshlutum hjá 4., 7. og 10. bekk.

Með tilkomu nýrrar vefsíðu Menntamálastofnunar hefur fyrirkomulagi birtingar á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa verið breytt. Í stað þess að birta þær á skýrsluformi hefur verið tekinn í notkun [rafrænn upplýsingagrunnur](#). Þar er nú hægt að skoða niðurstöður einstakra skóla eða sveitafélaga aftur í tímann undir valmyndinni *tölfræði*.

Í september 2016 náðist merkur áfangi í sögu íslenskrar menntunar þegar allir grunnskólar landsins lögðu samræmd könnunarpróf fyrir 4. og 7. bekk á rafrænu formi í fyrsta sinn. Um var að ræða fyrsta skrefið í átt að rafvæðingu þessara prófa, sem að þessu sinni fólst í að færa hefðbundin, línuleg próf frá pappír yfir í rafrænt umhverfi.

Menntamálastofnun hefur tekið saman skýrsluna [Rafræn samræmd könnunarpróf - fyrsti áfangi](#) sem greinir frá undirbúningi og framkvæmd prófanna. Þar er einnig lagt mat á hvað gekk vel og hvað betur mætti fara þegar farið verður í annað skref þessarar þriggja ára áætlunar.

Stuðningur

Grunnskólar Mosfellsbæjar hafa á að skipa margvíslegum og fjölbreyttum stuðningi fyrir nemendur sína allt eftir þörfum hverju sinni. Námsver, átaksverkefni, sérkennsla í hóp til lengri eða skemmri tíma, einstaklingskennsla, stuðningshópar og stuðningsfulltrúar inn í bekkjum og margt fleira en allt eru þetta dæmi um þau úrræði sem skólarnir hafa yfir að ráð til að koma á mótis við fjölbreyttan nemendahóp. Skólar bera ábyrgð á að einstaklingsáætlanir eða hópáætlanir séu gerðar fyrir þá nemendur sem fá sérkennslu. Námskrám er ætlað að vera skráning á markmiðum vetrar og langtímamarkmiðum, upptalningu á kennslufyrirkomulagi, tímafjölda, persónulegum upplýsingum og mati á stöðu nemanda. Í sértækum málum leita skólar til fagaðila utan skólanna og þá fyrst og fremst til sérfræðipjónustu.

Skólapjónusta Mosfellsbæjar sem gefur út sér árskýrslu um umfang og vinnu hvers skólaárs.

Nýbúakennsla

48 nemendur í grunnskólum Mosfellsbæjar töldust nýbúar og/eða tvítyngdir veturinn 2016-2017 og fengu þeir mismikla þjónustu (stuðning) allt eftir þörfum hvers og eins.

Námsráðgjöf

Námsráðgjöf er forvarnarstarf sem fer fram í trúnaði. Markmiðið er að standa vörð um velferð nemenda og veita þeim ráðgjöf er tengist námi þeirra. Námsráðgjafi aðstoðar nemendur í persónulegum málum til að auka líkur á því að þeir nái árangri í námi. Hann aðstoðar nemendur við námstækni, skipulagningu á námi, valgreinar, líðan í skólanum, sér um kynningu á náms- og starfsvali og ýmislegt fleira. Námsráðgjafi vinnur með nemendum, foreldrum/forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Námsráðgjafar vinna að ýmskonar verkefnum er tengjast forvörnum, gerð og úrvinnslu kannana, atvinnutengdu námi, sitja í nemendaverndarráði og áfallateymi o.m.fl.



Frístundasel grunnskólanna í Mosfellsbæ

Í frístundaseljum Mosfellsbæjar er skipulagt frístundastarf fyrir nemendur utan hefðbundins skólatíma. Veturinn 2016 -2017 sóttu vel yfir tvö hundruð nemendur frístundasel skólanna og var mikill stöðugleiki í aðsókn, helstu breytingar voru að fólk ýmist fjölgaði eða fækkaði tímum.

Í samþykkt um frístundasel segir:

1. Frístundasel fyrir 1. – 4. bekk eru starfrækt af Grunnskólum Mosfellsbæjar. Markmið frístundaseljanna er að mynda heildstæða umgjörð um skóladag barnanna. Frístundaselin bjóða upp á margvísleg verkefni, t.d. íþrótta-, tómstunda-, lista- og menningarverkefni. Helstu áherslur í starfinu eru öryggi, útivist, hreyfing, fjölbreytni, tómstundir, íþróttir og vellíðan.
2. Að öllu jöfnu eru frístundasel opin daglega alla daga á starfstíma skóla, en daglegur opnunartími tekur þó mið af því hvernig skólinn fléttar starfið inn í daglega viðveru barna í skólanum og getur því verið breytileg frá ári til árs. Í samræmi við starfsáætlanir grunnskólanna ber skólastjórum að upplýsa foreldra að vori um fyrirkomulag næsta skólaárs.

Eftirfarandi gildir um lokun frístundaselja á starfstíma skólanna:

Frístundaselin veita þjónustu í vetrar, jóla- og páskafríum að lokinni könnun á meðal foreldra. Veita skal 8 tíma þjónustu þá daga sem opið er. Frístundaselin eru lokuð tvisvar á vetri á starfsdögum grunnskólanna. Á þeim tíma vinnur starfsfólk að skipulagsvinnu og endurmenntun. Skólastjórar skulu upplýsa foreldra um þessa daga að hausti.

Markmið frístundaselja er:

- að tryggja börnum heildstæða umgjörð um skóladaginn að lokinni hefðbundinni kennslu og vera þannig hluti af samfelldum skóladegi
- tengja saman tómstunda- og íþróttastarf við starfsemi frístundaselja
- að vera skjól og gæsla fyrir yngstu nemendur grunnskólans til hvíldar, afþreyingar og tómstunda
- að eiga gott samstarf við foreldra um tilboð frístundaselja, m.a. með því að tryggja gott upplýsingastreymi milli foreldra og starfsmanna og með því að upplýsa foreldra um umgjörð, markmið og skipulag starfsins
- að gefa sem flestum börnum kost á að kynnast íþróttum, útivist og öðru tómstundastarfi
- að bjóða upp á fjölbreytileg tilboð og sníða þannig starfið eftir þörfum og áhuga hvers og eins
- að gera börn virkari í tómstundum og tómstundaleit sinni og leggja þannig grunn að virkni á unglinga- og fullorðinsárum
- að börn ljúki sem mestu af frístundastarfi sínu í beinu framhaldi af kennsludegi grunnskólans og þannig skapist drýgri tíma fyrir fjölskyldur til samveru að loknum venjulegum vinnudegi
- að koma á samstarfi við frjáls félagasamtök í Mosfellsbæ, sem leggja rækt við barna- og unglingastarf, t.d. íþrótta- og tómstundafélög
- að efla listir og menningu sem hluta af frístundastarfi barna



Leikskólar

Mosfellsbær starfrækti skólaárið 2016-2017, 8 leikskólastarfstöðvar, Hlaðhamra, Hlíð, Hulduberg, Höfðaberg, Leirvogstunguskóla, Reyjakot og Krikaskóla. Samtals voru í leikskólunum um 523 börn. Sumarið 2017 voru skólarnir í samstarfi sín á milli um þjónustu þann tíma sem fáir eru að nýta hana líkt og undanfarin ár. Farin er sú leið að leikskólarnir sameina starfsemi sína og starfrækja einn sumarleikskóla og var hann á Reyjakoti í júlímánuði. Störfuðu þar starfsmenn allra skólanna og skólastjórnendur skiptu með sér verkum. Þetta er sama fyrirkomulag og verið hefur undanfarin ár. Starfsmenn og stjórnendur skólanna eru á einu máli um að þetta fyrirkomulag henti vel.

Árlega er haldin menningarvika leikskólanna en þá halda leikskólabörnin listasýninu á Torginu í Kjarna. Daglega í menningarviku er samsöngur barnanna frá öllum leikskólunum. Foreldrar og aðrir bæjarbúar koma á sýninguna og er óhætt að segja að menningarvika setji skemmtilegan svip á mannlífið í Kjarna og er því að verða fastur viðburður í bæjarlífinu.

Leikskólarnir Hlíð, Hlaðhamrar, Reyjakot og Leirvogstunga eru í samstarfi við 1. bekk Varmárskóla um margvísleg skólatengd verkefni. Markmið samstarfsins er að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla, tengja hugmyndafræði og þróa kennsluhætti er lúta að samkennslu árganga.

Í leikskólum Mosfellsbæjar fer fram mikið og gott faglegt starf en hér á eftir er yfirlit yfir starfsemi leikskólanna í Mosfellsbæ starfsárið 2016-17, ásamt helstu áherslum í leikskólastarfi í hverjum skóla ásamt öðrum upplýsingum. **Allar tölulegar upplýsingar miðast við 1. október 2016.**

Hlaðhamrar

Leikskólastjóri: Sveinbjörg Davíðsdóttir

Leikskólinn Hlaðhamrar er elsti leikskóli Mosfellsbæjar. Hann hefur verið starfræktur frá 8. október 1976 en þá keypti Mosfellshreppur íbúðarhúsið og landið Hlaðhamra. Byggt var við leikskólann 1996-1997 svo að hann mætti fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til húsnaðis leikskóla í dag og hefur sú bygging reynst vel. Leikskólinn er fjögurra deilda. S.l. starfsár voru þar að jafnaði 80 börn.

Sérstakar áherslur í leikskólastarfinu eru: Gæði í samskiptum og skapandi starf. Er þar fyrst og fremst horft til hugmynda Loris Malaguzzi, stefna sem nefnd hefur verið Reggiostefnan. Markmiðið er að leikskólabörnin öðlist sterka sjálfsvitund, hæfni í samskiptum, skapandi færni og frjóa hugsun. Lykilorð í allri samvinnu og samstafi Hlaðhamra er virðing.



Hlíð

Leikskólastjóri: Ragnheiður Halldórsdóttir

Leikskólinn tók til starfa 1985 og leysti þá af hólmi leikskólann í Reykjadal. Um helmingur af plássunum voru þá heilsdagspláss en hinn helmingur hálf dagspláss. Árið 1994 var heilsdagsplássunum fjölgað, hætt með hálf dagspláss og boðið upp á 6 tíma og heilsdagspláss. Ný viðbygging var tekin í notkun 1. mars 2003 og bættust þá við um 25 pláss. Byggingin heppnaðist vel og aðstæður barna og starfsmanna bötunuðu til muna. S.l. starfsár voru þar að jafnaði 78 börn.

Sérstakar áherslur í leikskólastarfinu eru: Skapandi starf og skapandi hugsun. Er þar fyrst og fremst unnið eftir svokölluðum "Þróunarsamvirknikenningum", þ.e.



barnið lærir og þroskast í samvirkni við umhverfið. "Learning by doing" eru slagorð fyrir þessa kenningu og lýsa innhaldi hennar nokkuð vel. Leikskólinn hefur einnig oft verið nefndur *Kubbaleikskólinn* því kubbar eru aðalleikefni skólans. Sérstakar áherslur í Hlíð eru á hugtökin jákvæðni og kurteisi. Leikskólinn hefur einnig lagt áherslu á listmenningu og listsköpun.

Hulduberg

Leikskólastjóri: Þuríður Stefánsdóttir

Leikskólinn Hulduberg tók til starfa 2. nóv. 1999. Þrjár deildir af fjórum voru strax teknar í notkun en Varmárskóli, Vestursetur hafði fjórðu deildina að láni undir sína starfsemi. Í upphafi skólaárs 2000 fékk svo Hulduberg fjórðu deildina til sín þegar Vestursetursbörnin fóru í Lágafellsskóla. Í febrúar 2006 var tekin í notkun viðbygging við leikskólann, 2 leikskóladeildir, ásamt sérkennsluherbergi svo og náttúruvísindaherbergi, alls 280,6 fermetrar. Á haustdögum 2005 var sett á stofn leikskóladeild sem sérstaklega var ætluð elstu börnum leikskólans. Deildin var staðsett í lausri kennslustofu við austurinnangang Lágafellsskóla. Þar voru samtals 18 börn en haustið 2007 var stofnuð leikskóladeild inn í Lágafellsskóla og var starfsemi í þessari lausu kennslustofu því lögð af. Frá haustinu 2011 var tekin sú ákvörðun að öll verðandi 5 ár börn fóru á Lágafellsdeildina og voru því einungis 3 árgangar á Huldubergi skólaárið 2011-12 og kallaði sú breyting á það að skoða þurfti stöðugildi, dagsskipulag, leikfangakost og aðlaga starfið að breyttri samsetningu aldurs. Haustið 2013 var deild stofnuð í sér húsnæði við Æðarhöfða og fékk hún heitið Höfðaberg sem síðan sumarið 2014 var færð undir stjórn Lágafellsskóla og voru þar einungis 5 ára leikskólabörn auk 6 ára barna. S.l. starfsár voru á Huldubergi 92 börn á aldrinum 2ja til 4 ára



Sérstakar áherslur í leikskólastarfi eru Umhverfisvernd og umhverfismennt. Hulduberg er *grænn* leikskóli. Unnið er eftir „Þróunar og samvirknikenningum“ þar sem áhersla er lögð á þá leið/aðferð sem er farin fremur en útkomuna og að börnin fái að túlka sína reynslu á eigin forsendum og finni sjálf lausn á "vandamálum" sem upp geta komið. Áhersla er á að skoða og njóta nánasta umhverfis.

Höfðaberg

Aðstoðarleikskólastjóri/daglegur stjórnandi:

Þórunn Ósk Þórarinsdóttir fram í apríl en þá tók við Anna María Gunnarsdóttir.

Leikskóladeild á Höfðabergi við Æðarhöfða var opnuð 19. ágúst árið 2013 og var rekin sem útibú frá leikskólanum Huldubergi veturinn 2013-14. 26 börn hófu leikskólavist á tveimur deildum en fjölgaði fljótt í 32. Skólinn var formlega vígður 15. október 2013. Skólaárið 2015-16 var skólinn rekin sem útibú frá Lágafellsskóla líkt og skólaárið 2014-15 og stýrði Jóhanna Magnúsdóttir starfi skólans í samráði við stjórnunarteymi skólans. Á Höfðabergi voru einnig 1. og 2.bekkur Lágafellsskóla og áhersla var á samvinnu árganga.



Reykjakot

Leikskólastjóri: Gyða Vigfúsdóttir

Leikskólinn Reykjakot tók til starfa árið 1994. Upphaflega var áætlun um að taka aðeins tvær deildir af þremur í notkun því talið var að biðlistinn myndi tæmast við það. Á lokasprettinum var þó ákveðið að opna allar þrjár deildirnar. Árið 1998 var svo fjórðu deildinni bætt við Reykjakot en þá var færanleg kennslustofa sett á lóð leikskólans. Tvær færanlegar kennslustofur til viðbótar hafa verið settar á lóð leikskólans.

Sl. starfsár voru þar 66 börn á aldrinum 2ja – 5 ára.

Leikskólinn Reykjakot hefur um árabil haft skólastefnu Hjallastefnunnar að leiðarljósi. Hjallastefnan setur í öndvegi jafnan rétt kynjanna, einfaldleika og sköpun.



Leirvogstunguskóli

Leikskólastjóri: Guðrún Björg Pálsdóttir

Leirvogstunguskóli var opnaður 17. ágúst árið 2011 og var fyrst um sinn rekinn sem útibú frá leikskólanum Reykjakoti. 32 börn hófu leikskólavist á tveimur kjörnum, Leirukoti og Tungukoti. Skólinn var formlega vígður í blíðskaparveðri 22. september 2011. Leikskólastjóri fyrstu árin var Gyða Vigfúsdóttir, en núverandi leikskólastjóri er Guðrún Björg Pálsdóttir.

Hugmyndafræði skólans byggir á mikilli og sterkri foreldrasamvinnu, Hjallastefnunni og Lífsmennt (e. Living Values Education). Unnið er í anda Hjallastefnunnar sem leggur áherslu á að mæta hverju barni eins og það er, jákvæðni, einfaldleika, gagnsætt umhverfi, sköpun í stað tilbúinna lausna, virðingu fyrir náttúrunni og jákvæðan aga. Lífsmennt er námsefni sem byggir á 12 grundvallar lífsgildum. Auk þess er lögð rík áhersla á útivist og hreyfingu enda stutt í stórkostlega og ósnortna náttúru Mosfellsbæjar. S.l. starfsár voru þar 68 börn á aldrinum 2ja til 5 ára, börnunum þar fjölgaði nokkuð þegar leið á árið.



Krikaskóli

Skólastjóri: Þrúður Hjelm

Krikaskóli tók til starfa sumarið 2008. Útibú hans var staðsett fyrstu tvö skólaárin í Helgafellssíðu í færanlegum skólastofum og fékk það nafnið Brekkukot. Í Brekkukoti veturinn 2009-2010 voru 77 börn á leikskólaaldri í 6-9 tíma vistun. Í apríl 2010 flutti Krikaskóli í nýtt húsnæði við Sunnukrika. Við það fjölgaði börnunum nokkuð og í lok skólaársins 2011 voru leikskólabörnin orðin 102 og hefur sú tala haldist í kringum 100 þó voru þar sl starfsár 87 börn.

Krikaskóli er leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum 2ja -9 ára og starfsemin tekur mið af Hugsmíðahyggjunni og skólastefnu Mosfellsbæjar um heildstætt uppellis- og skólastarf í leik- og grunnskólum.





Hugmyndasamkeppni var haldin um skólastefnu og hönnun skólans og upplýsingar þar af lútandi er að finna á heimasíðu skólans.


Áherslur í skólastarfi eru einstaklingsmiðað nám, lýðræðisleg skólamenning, merkingarbært nám með könnunaraðferð, náttúra og útikennsla, samþætting skólastarfs og tómstunda, heildstætt skólaár og skóladagur.

Tölulegar upplýsingar um leikskólana

Börnin

Próun fjölda barna í leikskólum Mosfellsbæjar tölur miðast við 1. október ár hvert.

Ár	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Hlaðhamrar	89	87	90	82	82	82	82	85	78	80
Hlíð	101	102	104	95	97	100	96	86	82	78
Hulduberg	146	146	146	142	137	135	143	133	121	92
Höfðaberg	0	0	0	0	0	0	38	53	52	52
Reykjakot	101	105	96	91	85	99	89	84	72	66
Krikaskóli	0	42	77	102	99	100	100	99	92	87
Varmárdeild	22	22	14	0	0	0	0	0	0	0
Lágafellsdeild	29	35	29	28	45	44	19	0	0	0
Leirvogstunga	0	0	0	0	32	42	46	55	51	68
Samtals	488	539	556	541	577	602	613	595	548	523



Stöðugildi í leikskólum milli ára – 1. des ár hvert:

Ár	Hlað- hamrar	Hlíð	Huldu- berg	Höfða- berg	Reykja- kot	Krika- skóli	Varmár- deild	Lágafells- deild	Leirvogs- tunga	samtals
2005	22,56	25,12	30,4		29,15					107,23
2006	22,00	25,36	37,5		29,70					114,56
2007	22,94	25,71	36,81		26,20		4	4,17		119,83
2008	26,70	24,00	36,23		25,42	15,60	3,3	5,40		136,65
2009	25,98	25,90	35,67		26,78	20,90	3,0	4,35		142,58
2010	25,90	25,90	33,16		26,78	26,50	1	4,10		143,34
2011	24,90	24,23	35,09		23,30	28,43	1	6,20	6,23	149,88
2012	24,92	25,36	36,80		25,51	31,18	0	7,40	10,50	161,67
2013	24,57	25,52	37,16	10,96	25,56	28,66	0	4,10	10,46	166,99
2014	23,62	23,09	36,16	13,47	22,35	29,90	0	0	12,06	160,65
2015	23,32	18,5	34,75	11,05	22,03	33,46	0	0	12,48	155,59
2016	20,25	19,68	29,23	9,59	16,93	24,5	0	0	13,78	133,96

* Breyting stöðugilda fylgir breytingum á sérkennslu- og stuðningsbörnum auk fjölda ungra barna hverju sinni.

Börn sem njóta sérstuðnings

Í lögum um leikskóla nr.90/2008 segir í 22. gr.: **“Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans”**

Á skólaárinu hafði sálfræðingur á vegum sérfræðiþjónustu Skólaskrifstofu viðveru í leikskólunum eftir því sem eftir því var kallað. Sálfræðingur veitir ráðgjöf og greiningu vegna barna með sérþarfir, sálræna erfiðleika, hegðunarvandkvæði og/eða þroskafrávik. Þess skal getið að leikskólarnir hafa haft aðgang að talmeinafræðingi síðustu árin og svo var einnig 2016-17. Talmeinafræðingur veitir málgreiningu á þeim börnum sem óskað er eftir þ.e. framburðargreiningu og málþroskagreiningu og ráðgjöf til starfsmanna og foreldra.

Hljóm 2, sem er málþroskaskimunartæki, er lagt fyrir öll 5 ára börn leikskólanna í október að fengu leyfi foreldra. Skimunarprófinu, sem er íslenskt að gerð, er ætlað að finna þau börn sem gætu lent í vanda við lestrarnám í grunnskóla. Með innleiðingu Hljóms 2, er hægt að bregðast fyrir við vanda sumra barna við formlegt lestrarnám. Niðurstöður HLJÓM 2 fylgja börnunum í grunnskólann þannig að grunnskólinn hefur mikilvægar upplýsingar um stöðu hvers barns m.t.t. lestrarnáms. Er það mikilvægt svo ekki fari tími til spillis hjá barninu við að hefja formlegt lestrarnám.

Samtals voru 15,7 stöðugildi í leikskólunum vegna stuðnings og sérkennslu sem er 5,2 stöðugilda fækkun milli ára sem skýrist m.a. í fækkun barna með sérþarfir (komin á grunnskólaaldur). Önnur skýring er sú að gert var ráð fyrir fækkun í árgöngum yngri barna og reyndust barngildin færri vegna smærri árangra yngri barna sem kallar á færri stöðugildi. Hins vegar jukust bæði stöðugildi og barnafjöldi eftir því sem leið á skólaárið.

Á síðasta skólaári var skipting þessara stöðugilda á leikskólanna þannig:

Stöðugildi vegna sérkennslu s.l. ár

1.des	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Hlaðhamrar	2,4	2,2	2	3,2	4,4	4,4	4,30	5,0	5,4	5	6,00	5,00	5,2
Hlíð	1,75	1,25	1,7	2,7	1,7	1,7	1,50	1,50	2,5	2,5	2,00	2,50	1,3
Hulduberg	2,9	3,6	3,1	3,13	2,1	2,1	1,70	3,0	3,0	3	4,00	3,00	4,0
Höfðaberg										0,4	1,10	1,10	0,9
Reykjakot	1,8	1,8	1,7	2,25	2,1	2,0	2,0	2,0	1,1	1,6	1,90	1,90	1,2
Lágafellsdeild					1	0,30	2,0	0,75	1,2	1,25			
Krikaskóli						2	3	5,0	7,0	6,0	7,50	6,00	2,0
Varmárdeild				0,25	0,25	0,15							
Leirvogstunga								0,15	1,7	1,5	1,40	1,40	1,1
Samtals	8,85	8,85	8,5	11,53	11,55	12,65	14,80	17,4	21,9	20,25	23,90	20,9	15,7

Allar nánari upplýsingar um orsakir stuðnings og sérkennslu er að finna í ársskýrslu sérfræðipjónustu Mosfellsbæjar.

Daggæsla barna

Dagforeldrar

Á síðasta ári voru starfandi í Mosfellsbæ 13 dagforeldrar en að auki voru börn úr Mosfellsbæ í vistun hjá dagforeldrum í Reykjavík. Þann 1. desember 2016 var greitt með 80 börnum og hélst sú tala nokkuð stöðug út veturinn.

Samkvæmt Hagstofu 1. des 2015	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Fjöldi dagforeldra	15	19	17	15*	18	24	23	17	16	15	13
Fjöldi barna	62	74	58	64	90	107	110	77	65	93	60
Fjöldi barna í dagvistun utan lögheimils sem greitt er með	18	12	5	3	7	8	5	7	9	19	20

Fræðsluskrifstofa Mosfellsbæjar stóð fyrir slysa- og forvarnanámskeiði fyrir alla dagforeldra. Herdís Storgaard sá um námskeiðið sem haldið er á 2ja ára fresti.



Foreldrasamstarf

Foreldrafélög eru starfrækt í öllum skólum Mosfellsbæjar. Markmið þeirrar starfsemi er að stuðla að velferð barna, efla hag skólanna og koma á sem bestu samstarfi heimilis og skóla. Foreldrar eru ávallt velkomnir að dvelja með börnum sínum í skólanum og taka þátt í starfi þeirra og leik.

Ný lög sem sett voru í júlí 2008 gera ráð fyrir aukinni aðkomu foreldra að leik- og grunnskólastarfi. Foreldrar eiga meðal annars að gera umsagnir um allar meiriháttar breytingar á skólastarfi, skólanámskrám og skóladagatali. Foreldrar leik- og grunnskólabarna taka mikinn þátt í starfsemi skólanna og hefur þátttaka aukist áberandi mikið sl. misseri auk þess sem foreldraráð skólanna hafa í auknum mæli tekið þátt í opnum húsum Skólaskrifstofu. Foreldrar leik- og grunnskólabarna eiga rétt til setu í fræðslunefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Opin hús

Skólaskrifstofan stóð fyrir fræðslukvöldum undir yfirskriftinni "Opin hús" í Listasal Mosfellsbæjar líkt og undanfarin 14 ár. Opnu húsin miða að því að veita foreldrum, forráðamönnum, fagfólki og öðrum áhugasömum er koma að uppeldi barna og unglinga fræðslu og tækifæri á umræðum um ákveðin málefni er varða uppeldi barna og unglinga í Mosfellsbæ á hverjum fundi.

Veturinn 2016-17 var á opnum húsum sjónum beint að hagnýtum ráðum varðandi uppeldi og samskipti við börn og unglinga. Yfirskrift kvöldanna veturinn 2016 - 2017 var sem hér segir:

1. 26. október 2016 Tölvufíkn - Þegar skemmtun verður skaðleg
2. 30. nóvember 2016 Má láta sér leiðast?
3. 22. febrúar 2017 ADHD – einkenni og hagnýt ráð
5. 29. mars 2017 Gaman saman - úti

Samtals mætti 152 gestur á opin hús Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar 2016-2017 eða að meðaltali um 38 gestir. Foreldrar grunnskólabarna eru í meirihluta eða 58% gesta, en hlutfall fulltrúa leikskólabarna er nokkuð stöðugt eða í kringum 30% ár hvert.

	2008-9	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16	2016-17
Heildarfjöldi gesta	130 ²	142	299	340	114	301	163	147	152
Meðaltal gesta	18	28	50	57	19	60,2	33	29	38
Fulltrúar fj. barna	224	202	500	/	224	456	230	332	285
Meðaltal fulltr. barna per fund	32	40	83	/	37	91,2	46	66	71
Grunnskólafor.	65,6%	61,3%	57%	54%	47%	54%	53%	54%	58%
Leikskólafor.	18%	24,5%	26%	16%	19%	30%	33%	30%	29%
aðrir	16,4%	14,2	17%	30%	34%	16%	14%	16%	13%

² Fyrirlestur Ólafs Stefáns ekki talinn með en þar mættu um 400 gestir



Fræðsla til starfsfólks leik- og grunnskóla

Í upphafi hvers skólaárs eru haldnir fræðslu- og endurmenntunardagar í leik- og grunnskólum bæjarins. Haustið 2015 fór fræðsluskrifstofa í samstarf við skóla- og frístundasvið um endurmenntun grunnskólakennara og var það endurtekið haustið 2016. Sóttu þeir námssmiðjur í upphafi skólaárs með kennurum úr Reykjavík. Námsmiðjurnar voru fjölbreyttar og spönnuðu vítt svið grunnskólakennslu. Sem dæmi má nefna fjármálalæsi, rafbækur, nývitund, ritun og ritunarferli, lesskilningur, stærðfræði og margt fleira, alls 32 smiðjur.

Leikskólastarfsmenn sóttu sameiginlegan fræðsludag leikskólanna í Mosfellsbæ þar sem m.a. var fjallað um börn með ADHD, kvíða og einhverfu og hagnýtar leiðir til að kenna og annast um börn með þessa greiningu. Voru það sálfræðingar Fræðsluskrifstofu sem sáu um fræðsluna. Þá var jafnframt fyrirlestur sem fjallaði um; Húmor, gleði og hamingju á vinnustað- dauðans alvara. Var það Edda Björgvinsdóttir sem sá um þann fyrirlestur.

Skólarnir skipulögðu sjálfir endurmenntunarnámskeið og fræðslu fyrir sitt starfsfólk eftir þörfum hvers skóla.

Skólarnir skipulögðu sjálfir endurmenntunarnámskeið og fræðslu sem sérstaklega var helguð læsisátaki. Fræðsluskrifstofa stóð fyrir fjölbreyttum örnámskeiðum í samráði við skólanna eftir óskum og þörfum á hverjum stað.

Endurmenntunarsamstarf SSH

Grunnskóli

Samstarfshópur á vegum SSH var settur á laggirnar undir lok árs 2012 til að undirbúa og skipuleggja sameiginlega endurmenntun kennara á höfuðborgarsvæðinu. Hvert sveitarfélag á fulltrúa í hópnum og situr Magnea Ingimundardóttir fyrir hönd Fræðsluskrifstofu Mosfellsbæjar en auk þess voru fulltrúar Menntavísindasviðs HÍ og Menntamiðju með í ráðum. Meginverkefnið var að skipuleggja og halda þrjá fræðslufundi sem fóru fram á vorönn 2013, haldnir í samstarfi við menntavísindasvið HÍ, um leiðsagnarmat. Aðsókn á fræðslufundina þrjá var góð og voru nálægt 300 þátttakendur á fyrri tveimur og nálægt 250 á þeim síðasta. Mikil og jákvæð viðbrögð komu frá skólastjórnendum og kennurum við fræðslunni og hvatning til að halda áfram. Hluti af fræðslufundunum þremur um leiðsagnarmat var að taka fyrirlestrarana upp (hljóð og mynd). Markmiðið var að fræðslufundirnir yrðu einnig aðgengilegir fyrir þá sem ekki tóku þátt og nýttist því öðrum kennurum sömuleiðis. Upptakan var gerð af starfsfólki HÍ (Smiðju menntavísindasviðs) en unnin fyrir vefútgáfu af starfsfólki Menntamiðju. Samstarf náðist við Menntamiðju um að búa til vef sem gæti hýst efnið, sem fékk þessa vefslóð: <http://ssh.menntamidja.is>. Þar er hægt að sjá upptökur af fyrirlestrum, glærukynningum fyrirlesara og myndir frá fyrirlestrum.

Framhald varð á þessu samstarfi á skólaárinu 2013-14 og sótti hópurinn um styrk til Endurmenntunarsjóðs og var úthlutað 800 þúsund krónum. Haldið var áfram með innleiðingu nýs námsmats og var í fyrri fyrirlestri haustannar gerð grein fyrir innrás hæfniviðmiða í íslenskt menntakerfi og þeim hugmyndum sem að baki þeim liggja. Fjallað var um tengsl hæfniviðmiða, námsmats og viðfangsefna nemenda og að lokum rætt um leiðir til að nýta hæfniviðmið í kennslu. Seinni fyrirlesturinn tók á áreiðanleika og réttmæti niðurstaðna prófa og mælinga. Ræddar voru leiðir til að bæta mælingar í skólastarfi og auka notagildi þeirra. Í kjölfar fyrirlestranna voru haldnar vinnustofur í skólunum en markmið vinnustofanna var að víkka út umræðuna frá fyrirlestrunum og fá sjónarmið kennara/skóla inn í samræðuna við að þróa frekari möguleika til að starfa eftir þessum nýju áherslum um hæfniviðmið í samhengi námsmats í grunnskólum. Á vorönn 2014 var áhersla lögð á að styðja sérstaklega list- og verkgreinakennara og íþróttakennara við að innleiða nýjar áherslur aðalnámskrár um námsmat með fræðslu um aðferðir og leiðir í því samhengi. Vinnustofur voru einnig haldnar í kjölfar þessara fyrirlestra.



Á vorönn 2015 var hafin vinna við að skoða þarfir afburðanemenda og hvernig grunnskólinn kemur á móts við þá nemendur og hverjar þarfir þeirra eru. Aftur var sótt um styrk til Endurmenntunarsjóðs en sá styrkur var í tengslum við bráðger börn og sá styrkur fékkst. Veturinn 2015-16 var því sjónum beint sérstaklega að bráðgerum börnum og haldnar voru 2 vinnustofur. Á fyrri vinnustofunni var SSH hópurinn í samstarfi við *Félag Áhugafólks um Skólaþróun* í tengslum við ársþing félagsins. Fengnir voru tveir danskir sérfræðinga til þess að leiða umfjöllun um viðfangsefnið, Kirsten Baltzer og Anette Gjervig. Á seinni vinnustofunni var grunnskólakennurum kynntar nýjar aðferðir í kennslu með þrískiptri framsetningu kennsluefnis og þjálfaðir í að útfæra það.

Skólaárið 2016-17 var áherslan á fjölmenningu og nám í grunnskólum. Haldin var vinnustofa 21. nóvember með það að markmiði að kalla saman fulltrúa ýmissa hagsmunaaðila sem tengjast grunnskólastarfi til að ræða fjölmenningu, nám og starfshætti í grunnskólum, sérstaklega þær áskoranir sem hnattvæðing og fólksflutningar færa íslensku grunnskólastarfi í byrjun 21. aldar. Fulltrúum í skólanefndum, fulltrúum foreldra, kennara og stjórnenda í grunnskólum og starfsfólks á skóla-/fræðslu-skrifstofum var boðið á fundinn. Á vinnustofuna mættu um 90 manns sem ræddu þessar spurningar:

- Hverjar eru áskoranir fjölmenningar fyrir grunnskólastarfið?
- Hvaða áhrif hefur fjölmennig á nám í grunnskólum (eða á að hafa)?
- Hvaða stuðning þurfa kennarar?

[Hér](#) má sjá erindi sem flutt voru sem og niðurstöður vinnustofunnar.

Í mars var síðan haldin [ráðstefna](#) um fjölmenningarlegan grunnskóla þar sem flutt voru erindi um:

- Farsælt skólastarf með ungum innflytjendum á Norðurlöndunum
- Fjölbreytileiki í íslenskum skólum: Líðan kennara og annars starfsfólks

Í kjölfarið voru 8 vinnustofur þar sem meðal annars var fjallað um samstarf við fjölskyldur í fjölmenningarlegu skólastarfi, fjölmenningarlegur skólabragur, móttaka og aðlögun nemenda, Íslenskukennsla – móðurmálskennsla – virkt tvítyngi svo eitthvað sé nefnt.

Leikskóli

Löng hefð er fyrir því að sveitarfélögin í Kraganum, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Seltjarnarnes og Mosfellsbær hafi með sér samstarf um skipulag og framkvæmd á endur- og símenntun starfsfólks leikskóla. Á það bæði við um leikskólakennara, aðra starfsmenn og mötuneytisfólkið.

Á síðasta ári voru 18 námskeið alls.

- Yngstu börnin. Ætlað leikskólakennurum
- Lubbi í Jötunheimum
- Að sleppa tökunum. Ætlað deildarstjórum
- Mismunandi fjölskyldugerðir
- Skapmikil börn
- Teiknitúlkun
- Jákvæð samskipti og sjálfstæð börn!
- Jafningja handleiðsla – hvað er það og hvernig fer hún fram -
- Stærðfræði í leikskólum.
- Mataróþol leikskólabarna . Ætlað starfsmönnum mötuneyta leikskóla
- Kvíði barna.

- Leikur og læsi.
- Námsögur barna skráðar: fagmennska og sjónarhorn barna.
- Menningarnæmi og fjölmennning.
- Barnaheill – innsýn þeirra sem hafa reynslu.
- Útikennsla – útinám
- Deildarstjórar, dagleg stjórnun, skipulag og teymisvinna. Eingöngu ætlað deildarstjórum
- Sameiginlegur fundur leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Menntanefnd sveitarfélaganna, í samvinnu við leikskólana, skipuleggja námskeiðin og fyrirlestrana fyrir starfsmenn leikskólanna.

Á síðasta skólaári var samþykktur þriggja ára samvinnusamningur RannUngs við Kragasveitarfélögin um **Mat á námi og vellíðan leikskólabarna**. Afurð rannsóknarinnar verður bók um efnið sem nýtist öllum.

Umgjörð verkefnisins verður þannig að sveitarfélögin leggja til árlegt framlag og RannUng leggur til sérfræðinga sem vinna með leikskólunum í að skilgreina og þróa matið. Einn leikskóli í hverju bæjarfélagi er virkur þátttakandi í verkefninu og er það Hlíð sem tekur þátt í þessu verkefni. Markmiðið er síðan að víkka það út til annarra leikskóla.

Annað þriggja ára samstarf þessara aðila fjallaði um **Tengsl leiks við hin nýju námssvið Aðalnámskrá leikskóla**. Því verkefni lauk með útgáfu bókarinnar **Leikum, lærum og lifum**. Leikskólinn Hulduberg var þátttakandi í þessu verkefni.

Mat á leik- og grunnskólastarfi

Liðin eru fimm ár frá útkomu nýrra aðalnámskrá leik-, grunn-, og framhaldsskóla og mikill tími og vinna hefur farið að endurskoða og þróa starfsáætlanir og skólanámskrár í samræmi við þær. Nýjar aðalnámskrár gáfu tækifæru til að byggja upp samfellu í námi nemenda í gegnum grunnstoðir námskráanna, en þær eru sameiginlegar fyrir öll skólastigin. Grunnstoðirnar eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Nýju aðalnámskrám fylgdi breytt námsmat sem hefur tekið nokkurn tíma að innleiða m.a. vegna skorts á leiðbeiningum frá ráðuneyti og Menntamálastofnun. Frá og með vori 2016 áttu nemendur sem ljúka grunnskóla að fá vitnisburð sinn í bókstöfum í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla. Meginrök fyrir nýjum einkunnakvarða eru að með nýrri aðalnámskrá er augin áhersla lögð á hæfni og sett eru fram ný viðmið fyrir námsmat.

Á vef Menntamálastofnunnar www.mms.is er að finna nýjan undirvef sem fjallar eingöngu um námsmatið.

Mat á leik- og grunnskólastarfi

Innra mat fer fram í öllum leik- og grunnskólum sem Skólaskrifstofan fylgist með og fær upplýsingar um. Á heimasíðum grunnskólanna má sjá niðurstöður ýmissa kannanna svo sem skólapúlsins, foreldrakannanna, sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir.

Haustið 2015 bárust Mosfellsbæ þær upplýsingar frá Menntamálaráðuneytinu að Lágafellsskóli væri einn af tíu skólum á landinu sem valinn var til ytra mats á vorönn 2016. Markmið með ytra mati ráðuneytis er að vera skólum hvati til frekari skólaþróunar, styðja við stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla. Ytra mat er ekki hugsað sem samanburður á skólum heldur er markmiðið að notaðar séu samræmdar matsaðferðir þannig að í öllum skólum verði skólastarf metið með sambærilegri nálgun og á grundvelli sömu viðmiða. Niðurstöður matsins voru



kynntar starfsmönnum skólans við lok skólaársins 2015-16 en í upphafi skólaárs 2016-17 fór fram kynning fyrir fræðslunefnd

Vorið 2016 sendi Fræðsluskrifstofa inn umsókn til Menntamálastofnunar um úttekt á leikskóla og bárust 22 umsóknir og voru 6 leikskólar valdir til úttektar á árinu 2017, 3 á hvorri önn. Mosfellsbær fékk úthlutað úttekt á Huldbergi haustið 2017 og er sú undirbúningsvinna hafin.

Raddir barna

Skólaskrifstofa hefur lagt áherslu á að hlustað sé eftir sjónarmiðum barna og nemenda í leik- og grunnskóla. Þessi áhersla var mótuð þegar verið var að vinna við gerð Skólastefnu Mosfellsbæjar eða frá árinu 2009. Árið 2011 gaf menntamálaráðuneytið út sameiginlega aðalnámskrá fyrir leik- og grunnskóla þar sem einn af grunnpáttum menntunar er lýðræði. Þar með var það lagfest að börn og ungmenni eiga að fá tækifæri til að segja sínar skoðanir og láta í ljós álit um allt sem þeim viðkemur. Jafnframt er það lagfest að börn hafi skoðanir sem beri að taka mark á og að þau séu raunverulegir þátttakendur í skipulagi sinna daglegu viðfangsefna.

Varmárskóli hélt skólaþing á vorönn 2016 með þátttöku nemenda þar sem nemendur fengu tækifæri til að segja hvað þeir telji að betur megi fara í skólanum svo og hvað er vel gert og ber að halda í. Skólastjórnendur og kennarar unnu úr niðurstöðum skólaþingsins og í framhaldi setja verkefni af stað eftir því við á til að bæta skólastarfið og í takt við hugmyndir nemenda.

Ungmennaráð hittist 10 sinnum yfir skólaárið 2016-17 en umsjón með ungmennaráði hefur Edda Davíðsdóttir, tómstundafulltrúi.

Rannsókn á högum og líðan barna

Mosfellsbær er með samning við Rannsókn og greiningu sem er rannsóknarmiðstöð sem hefur tekið að sér fyrir Mennta- og menningamálaráðuneytið að rannsaka hagi og líðan grunnskólabarna. Sjónum hefur einkum verið beint að börnum í 5. - 7. bekk annars vegar og 8. - 10. bekk hins vegar. Rannsóknirnar hafa meðal annars kannað þætti í lífi barna og unglinga á borð við andlega og líkamlega heilsu og líðan, fjölskylduaðstæður, frístundaiðkun, áfengis- og vímuefnaneyslu, árangur í námi, líkamsrækt og þátttöku í íþróttastarfi, trúarskoðanir, mataræði og sjálfsvíg. Þá hefur sjónum verið beint að líðan í skólanum og heima fyrir, samveru með foreldrum, vinatengsl og líðan í kennslustundum.

Niðurstöður milli ára sýna að almennt gengur samfélaginu, skólum og forráðamönnum, vel að sinna þörfum þessa hóps. Áfengis og vímuefnanotkun hefur minnkað stöðugt milli ára og því ber að fagna. Niðurstöður gáfu til kynna að einkenni kvíða, sérstaklega hjá stúlkum, væru að aukast og vert að veita því athygli sérstaklega. Þá sýndu niðurstöður breytingu milli ára hvað varðar að sjá tilgang með námi og vilja til að hætta. Þá er rétt að taka það fram að stór hluti nemenda líður vel og er í góðu jafnvægi.

Í kjölfar niðurstaðna um kvíða ákvað Fræðsluskrifstofa að bregðast við og stofna teymi sem í sitja sérfræðingar skólaþjónustunnar, fulltrúar félagsmiðstöðvarinnar, námsráðgjafar og deildarstjórar viðkomandi skóla. Teymið rýndi í niðurstöður skýrslunnar og þá sérstaklega þá þætti þar sem Mosfellsbær skar sig út og hægt væri að bæta. Kynningar á niðurstöðum fyrir hagsmunaaðila s.s. fræðslu- og fjölskyldunefnd, foreldrum í hvorum skólanum fyrir sig og kennurum fór fram haustið 2016.

Eftir birtingu niðurstaðna Rannsóknar og greiningar haustið 2016 var ljóst að þörf var á aukinni fræðslu um líðan og geðheilbrigði auk þess sem mikilvægt var að greina nánar hvað veldur þessari aukningu. Síðastliðin ár hefur fræðsla um líðan og geðheilbrigði einskorðast að vissu leyti við ákveðna áhættuhópa

sem og foreldra og starfsmenn skóla. Niðurstöðurnar sýna að mikil þörf er á að fræða öll ungmenni um líðan og geðheilbrigði sem lið í forvarnarstarfi.

Ákveðið var að gera tilraun með að halda fræðsludag þar sem öll börn á unglingastigi í Mosfellsbæ kæmu saman og fengju fræðslu um líðan og tilfinningar. Auk þess að fræða var markmið dagsins einnig að afla frekari upplýsinga frá unglingunum og fá þeirra sýn á hvað það er í þeirra umhverfi sem stuðlar að aukinni vanlíðan. Dagurinn byrjaði á að Anna Sigurðardóttir sálfræðingur fræddi unglingana um einkenni kvíða og hvernig þau gætu brugðist við ef einkenna yrði vart. Að því loknu var skipt upp í hópa þar sem hver hópur svaraði spurningum varðandi þætti sem mögulega hefðu áhrif á líðan. Spurt var um atriði eins og snjallsímanotkun, hreyfingu og mataræði, samfélagsmiðla og agamál í skólanum. Deginum lauk svo með því að Jón og Friðrik Dór Jónssynir spiluðu fyrir hópinn. Í kjölfar fræðsludagsins var unnið úr svörum barnanna við spurningunum og niðurstöður kynntar fyrir foreldrum og ráðamönnum í sveitarfélaginu. Foreldrar allra barna á unglingastigi fengu einnig fræðslu um kvíða samhliða því sem niðurstöður umræðuhópanna voru kynntar fyrir þeim. Niðurstöður voru mjög áhugaverðar og eru mikilvægur þáttur í að fá betri innsýn inn í það hvað veldur þessari auknu vanlíðan hjá ungmennum; Innsýn sem fæst aðeins með samtali við börnin sjálf. Dagurinn heppnaðist vel og er áformað að halda sambærilegan fræðsludag haustið 2017.



Þróunar-, nýbreytni- og önnur verkefni

Líkt og undanfarin ár hefur starfsfólk Skólaskrifstofu umsjón með einstökum verkefnum er lúta að leik- og grunnskólastarfi. Leik- og grunnskólar í Mosfellsbæ vinna að margskonar nýbreytni- og þróunarverkefnum.

Ungbarnadeildir

Þjónusta við barnafjölskyldur í Mosfellsbæ var aukin og boðið upp á fjölbreyttari form að vistun fyrir ung börn. Gerður var samningur við ungbarnaleikskóla þar sem Mosfellsbær hefur forgang að allt að 12 rýmum. Auk þess sem stofnaðar voru tvær ungbarnadeildir við leikskóla Mosfellsbæjar með samtals 28 rými, í Hlíð og Huldubergi.

Þá var einnig gerð breyting á aldri barna þegar kemur að úthlutun í leikskóla, eða úr 24. mánaðar niður í 18 mánaða. Gjöld voru einnig samræmd á þann hátt að fram að 18 mánaða aldri barnsins greiða foreldrar sama gjald fyrir ungbarnþjónustu, óháð þjónustuformi en eftir það almennt leikskólagjald.

Leikskólar

Í Leikskólum bæjarins voru m.a. þessi nýbreytni/þróunarverkefni í gangi skólaárið 2016-2017

- Lestrarstefna
- TRAS
- PALS
- Amma Náttúra – (Reykjakot, Hlíð og Hlaðhamrar)
- Hreyfing og nám – verkefni til eflingar hreyfinga og náms (Leirvogstunguskóli)
- Útikennsla (Hlaðhamrar)
- Leikskólar og verkefnið atvinna með stuðning (Hlíð, Reykjakot, Krikaskóli)
- Skóli á grænni grein í samvinnu við Landvernd (Hlíð)
- Vinátta leikskólabarna (Fri for mobberi) í samvinnu við Barnaheill (Hlíð)
- Matreiðsla leikskólabarna (Reykjakot)
- Stærðfræði byggð á skilningi barna (Krikaskóli)

Fleiri þróunarverkefni eru í leikskólunum sem ekki verða talin upp hér en þess má geta að það hefur færst í vöxt að leikskólarnir séu í samstarfi við aðra leikskóla erlendis í gegnum Erasmusplus og Norplus sem og önnur tengslanet. Í gegnum þessa leið gefst tækifæri á að víkka út hugmyndafræði og innleiða ný og áhugaverð verkefni. Sem dæmi um verkefni þá var Krikaskóli þátttakandi í verkefni sem miðaði að starfsþróun grunnskólakennara en tveir kennarar sóttu námskeið á Kýpur sem síðan var unnið með í eitt ár. Verkefnið fjallaði um upplýsingatækni í skólastarfi með yngstu grunnskólabörnunum. Nú er Krikaskóli í samstarfsverkefni við skóla Finnlandi, Svíþjóð og Wales sem miðar að því að kennarar miðli sín á milli góðum starfsháttum hvers skóla fyrir sig.

Krikaskóli, Leirvogstunguskóli og Reykjakot eru þátttakendur í verkefni sem Play-Iceland stendur fyrir. Verkefnið byggist á samstarfi milli Bretlands og Íslands á liðnum árum. Markmiðið er að gefa leikskólakennurum færi á að skoða og sjá gildi leiksins í leikskólastarfi bæði inni- og útivið. Leikskólar á Íslandi þykja í sérflokk hvað þessa þætti varðar ásamt t.d. almennri þátttöku barna í leikskólastarfi sem stendur öllum til boða.

Hlíð hefur verið í samstarfi við Red barnet í Kaupmannahöfn og Barnaheill í tengslum við Vinaverkefnið (Fri for mobberi). Leirvogstunguskóli er í samstarfi við Leikum og lærum og hefur farið erlendis að kynna það og halda námskeið ásamt því að taka á móti kennarahópum erlendis frá sem eru að kynna sér

Leikum og lærum. Jafnframt er skólinn kominn í 3ja ára samstarfsverkefni um þessa kennsluhætti með Skotum og fleiri þjóðum.

Hlaðhamrar hafa verið í samstarfi við skóla á Bretlandi um útfærslu útikennslu.



Samstarf leik- og grunnskóla

Áralöng hefur fyrir samstarfi leik – og grunnskóla í Mosfellsbæ. Samstarfið hefur meðal annars falið í heimsóknum leikskólabarna í grunnskólana að vori til að kynna börnum væntanlegan skóla. Markmiðið er að stuðla að vellíðan og öryggi barnanna á þessum tímamótum. Þá eru haldnir árlegir „skilafundir“ samkvæmt reglugerð nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli skólastiga vegna barnahópsins í heild og vegna barna sem þurfa á áframhaldandi stuðningi að halda þegar þau færast úr leikskóla í grunnskóla. Leikskólabörn á Reykjakoti, Leirvogstungu, Hlíð og Hlaðhömrum fóru líkt og fyrri ár í skólaheimsóknir í Varmárskóla og tóku þátt í skólastarfi með fyrstu bekkingum.

Lýðheilsuverkefni og heilsueflandi skólar

Mosfellsbær hefur frá árinu 2006 tekið þátt í lýðheilsuverkefnum og heilsueflandi skólum í samvinnu við Landlæknisembættið. Samræmd mótuneytisstefna hefur verið við lýði í leik- og grunnskólum bæjarins með áherslu á gæði hráefnis og næringarríks mataræðis.

Eitt af markmiðum fræðslu- og frístundasviðsins er að skapa lýðheilsueflandi umhverfi fyrir börn og ungmenni. Í því skyni var gefin út leiðbeinandi samræmdur matseðill fyrir leik- og grunnskóla. Báðir stóru grunnskólarnir hafa verið skráðir sem heilsugrunnskólar hjá embætti landlæknis. Krikaskóli fór í gagngera endurskoðun á matseðlum og eldamennsku skólans og leikskólarnir hafa allir verið ötulir við bæta og aðlaga matseðla leikskólanna að góðu mataræði fyrir ung börn. Þá hefur Skólaskrifstofa haldið nokkur námskeið í þessa veru fyrir dagforeldra og alla matráða bæði leik- og grunnskóla.

Reykjakot setti á fót sérstakt verkefni sem matráður skólans sér um en það er matreiðsla með börnunum. Skipulagðir eru sérstakir matreiðslutímar þar sem öll börnin fá að elda einfaldan mat, útbúa nesti og fá ýmsa fræðslu í tengslum við hollan mat. Jafnframt er Reykjakot komið í samstarf við Jamie Oliver og hans starfsfólk við frekari útfærslu á matseld og matreiðslu með börnunum. Verkefnið hefur þróast á mjög jákvæðan hátt og er enn í þróun og almenn ánægja með það meðal foreldra.



LÆSI

Leik- og grunnskólar í Mósfellsbæ settu sér markmið varðandi læsi og eflingu lesturs haustið 2014. Gerður var sáttmáli sem kynntur var hagsmunaaðilum skólanna og í fræðslunefnd:

„Leik- og grunnskólar í Mósfellsbæ gera sáttmála um að auka læsi barna í Mósfellsbæ með fjölbreyttum aðferðum, nýta niðurstöður samræmdra mælinga og efla samvinnu allra aðila skólasamfélagsins. Tökum höndum saman og eflum læsi og lestrarmenningu í Mósfellsbæ.“



Í kjölfar sáttmálans gerðu skólarnir hver sína lestrarstefnu, mótuðu og samræmdu viðmið. Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra og Haraldur Sverrisson bæjarstjóri í Mósfellsbæ undirrituðu síðan haustið 2015 Þjóðarsáttmála um læsi. Undirritunin, sem fór fram á Gljúfrasteini, skuldbindur ríkið og sveitarfélagið til að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að ná settu markmiði um læsi. Markmiðið er að öll börn sem hafa til þess getu, lesi sér til gagns við útskrift úr grunnskóla.

Lögð er áhersla á að það eru skólastjórnendur og kennarar sem velja þær aðferðir sem þeim þykja vænlegar til árangurs á hverjum stað.

Á 339. fundi fræðslunefndar haldinn 21. júní 2017 kynntu skólastjórnendur framvindu í lestri frá upphafi læsisáttmálans og til að gefa dæmi um árangur er hér glæra frá einum skólanum sem sýnir 4. bekk og þar má sjá að þeim fækkar sem lesa færri en 80 orð á mínútu og þeim fjölga sem geta lesið fleiri og vantar 4% upp á að 90% barna hafi náð 80-119 orðum á mínútu í lok skólaárs en hins vegar ná mun fleiri hærri viðmiðum en viðmið MMS gera ráð fyrir. Mismunandi er eftir árgöngum og skólum hvernig gengur en ljóst er að sýnileiki árangursins er mikilvægur ekki bara fyrir skólana heldur og ekki síður fyrir börnin sjálf og foreldra.



Skólahornið

Starfsmenn leik- og grunnskóla, foreldrar og starfsmenn Fræðsluskrifstofu og skólaþjónustu hafa s.l. þrjú skólaár skrifað pistla í Mosfelling undir yfirskriftinni Skólahornið. Fyrstu tvö árin var aðal áherslan lögð á lestur en inn á milli líka hagnýt ráð og fræðsla og skólaárið 2016-17 tók á ýmsum algengum atriðum er varðar uppeldi barna og unglinga. Skólahornin hafa verið tekin saman í bæklinga í lok hvers skólaárs og má sjá þau hér.

Auk áðurnefndra verkefna eru í leik- og grunnskólum Mósfellsbæjar mikið um þróunar- og nýbreytniverkefni og sum hver búin að vera í einhver ári en hér verður sagt frá nokkrum þeirra sem voru í gangi skólaárið 2015-2016:

Litla upplestrarkeppnin

Stofnað var til nýs þróunarverkefnis í 4. bekk í grunnskólum Mosfellsbæjar haustið 2012 sem heitir Litla upplestrarkeppnin. Allir nemendur í 4. bekk grunnskólanna eru þátttakendur í verkefninu. Keppnin hefst formlega á degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember og lýkur með sérstökum lokahátíðum í hverjum skóla fyrir sig á vormánuðum í viðurvist foreldra, skólustjórnenda og kennara ásamt fulltrúa Skólaskrifstofu. Keppnishugtakið í Litlu upplestrarkeppninni felur fyrst og fremst í sér það markmið að nemendur keppi að betri árangri og eru ekki að keppa við bekkjarfélagana heldur sjálfan sig og stefna stöðugt að því að bæta framsögn og upplestur, að verða betri í dag en í gær. Litla upplestrarkeppnin er líkt og Stóra upplestrarkeppnin unnin í samvinnu við Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn. Umsjón með verkefninu í skólunum eru umsjónakennarar 4. bekkja í samstarfi við Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar.

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk fór fram í hátíðarsal Varmárskóla fimmtudagskvöldið 10. mars. 10 nemendur úr grunnskólum Mosfellsbæjar, Lágafellsskóla og Varmárskóla kepptu til úrslita. Úrslitin urðu þau að Sigríður Ragnarsdóttir Varmárskóla, varð í fyrsta sæti, Rebekka Sunna Sveinsdóttir, Varmárskóla varð í öðru sæti og Harpa Dís Hákonardóttir Lágafellsskóla varð í þriðja sæti. Margt var um manninn á þessu hátíðlega kvöldi og fengu gestir að heyra keppendur lesa brot úr sögunni Blái hnötturinn eftir Andra Snæ Magnason og ljóð eftir Steinunni Sigurðardóttur. Auk þess lásu keppendur ljóð sem þeir völdu sjálfir. Skólakór Varmárskóla söng þrjú lög auk þess sem nemendur úr Listaskóla Mosfellsbæjar fluttu lifandi tónlist.

Að keppninni standa Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn. Í samtökunum eru: Heimili og skóli, íslensk málnefnd, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Kennarasamband Íslands, Rithöfundasamband Íslands, Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna, Samtök móðurmálskennara í samvinnu við skólaskrifstofur, skóla og kennara á hverjum stað.

Stóra og Litla upplestrarkeppnin eru mikilvægur þáttur í eflingu læsis nemenda í Mosfellsbæ auk þess að kveikja áhuga nemenda á framsögn, tjáningu og á lestri, hvort heldur sem lesið er til gagns og fróðleiks eða yndislestur.



Lágafellsskóli

- **Skólavinir**

Skólavinaverkefnið hófst árið 2003 og hefur verið unnið með sambærilegu sniði fram til dagsins í dag. Nemendum sem hefja nám í 1. bekk á haustönn er boðið í heimsókn í skólann við lok vorannar. Þar tekur deildarstjóri Höfðabergs á móti þeim og skólavinir eru kynntir. Skólavinaverkefnið snýst um að nemendur verðandi 1. og 6. bekkja eru paraðir saman. Milli þeirra myndast tengsl sem ætlað er að auðvelda yngri nemendum skólabyrjun þar sem þeir eigi skólavin í skólanum. Skipulagðir skólavinaviðburðir eru haldnir reglulega yfir skólaárið.

- **Heilsueflandi samfélag og Heilsueflandi grunnskóli**

Mosfellsbær er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi samfélag og tekur skólinn fullan þátt í því sem Heilsueflandi grunnskóli. Ekki var starfandi heilsueflingarteymi við skólann í vetur. Í vetur var lögð áhersla á hollt mataræði bæði nemenda og starfsmanna. Skólinn tók þátt í Göngum í skólann verkefninu eins og mörg undanfarin ár. Skólinn sjálfur stendur svo fyrir ýmsum heilsutengdum viðburðum eins og Fjölgreindarleikum, Lágafellsleikum og Fellagöngum.

- **Uppbyggingarstefna**

Uppbyggingarteymi hefur unnið með starfsmannahópnum að áframhaldandi þróun hugmynda samkvæmt Uppbyggingarstefnunni – Uppeldi til ábyrgðar.

- **Sérdeild og frístund**

Sérdeild var stofnuð við skólann haustið 2013 og áfram unnið síðasta skólaár að uppbyggingu hennar ásamt uppbyggingu Frístundasels fyrir nemendur í 1. -10. bekk sem eru í sérdeild skólans. Markmið deildarinnar er að sinna einstaklingsmiðaðri kennslu þar sem allir nemendur hafa einstaklingsnámskrá og fá jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku. Nemendur í sérdeild fá fjölbreytt nám við hæfi í hvetjandi námsumhverfi. Þeir hefja skóladaginn ýmist í sérdeildinni eða í bekknum sínum. Hver nemandi hefur sína stundaskrá. Skóladagurinn er skipulagður út frá gildandi viðmiðunarstundaskrá og eldri nemendur eiga kost á því að fara í skipulagt frístundastarf eftir skóla, með þeirra þarfir að leiðarljósi.

- **Læsi – lestrarstefna**

Skólaárið 2016-2017 var áfram unnið að þróun lestrarstefnu Lágafellsskóla. Sex manna teymi var starfandi sem samanstendur af kennurum og stjórnendum skólans. Teymið fundar og fylgir eftir stefnunni. Í stefnu skólans kemur fram:

- að hljóðaaðferð er notuð í lestrarkennslu
- hvernig lestrarkennslunni skuli háttað
- hvernig ritunar- og skriftarkennslu skuli háttað
- hvernig lesskilningsþjálfun skuli háttað
- hvernig lestrarmenningu og vinnuskipulag við viljum sjá í skólanum.

Vinnuáætlanir fyrir hvern árgang voru endurskoðaðar og ný lestrarpróf Menntamálastofnunar innleidd og áfram var unnið að markvissri skráningu og eftirfylgni.

Teymið setti upp eftirfarandi markmið:

- að allir nemendur nái eins góðum árangri og þeir hafa forsendur til í lestri
- að lestrarkennslan verði öllum nemendum gott veganesti þegar þeir ljúka skólagöngu sinni í Lágafellsskóla



Skólaárið 2016-2017 var áfram unnið með eftirfarandi þætti: heimalestur, lestur í skólanum, mælingar og matstæki, lestrarþjálfun, lestrarsprettir.

- **Leið til læsis**

Unnið er eftir kerfinu Leið til Læsis sem er yfirgripsmikið stuðningskerfi í lestrarkennslu sem er ætlað nemendum á yngsta stigi grunnskólans. Leið til læsis gerir bekkjarkennurum kleift að kanna hve vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við lestrarnám áður en eiginleg lestrarkennsla hefst að hausti í 1. bekk. Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum en um leið veitir prófið upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættuhópi vegna hugsanlegra erfiðleika við lestrarnám, annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda með lesskilning.

- **Gæðagreinar**

Varðandi innra mat skólans var haldið áfram að þróa notkun skosku sjálfsmatsaðferðarinnar How good is our school? sem heitir á íslensku Gæðagreinar. Nánari úrskýringar á kerfinu er að finna í sjálfsmatsskýrslu Lágafellsskóla fyrir skólaárið 2014 - 2015.

- **Ytra mat**

Lágafellsskóli fór í gegnum ytra mat skólaárið 2015-2016 og í vetur var unnið að ýmsum úrbótum skv. úrbótaáætlun v/ytra mats skólans.

- **Vinaliðaverkefni**

Haustið 2014 fór Vinaliðaverkefnið af stað í Lágafellsskóla. Vinaliðaverkefnið gengur út á að nemendur skipuleggi og stýri leikjum fyrir samnemendur sína í frímínútum. Með því er ekki aðeins verið að stuðla að bættum samskiptum milli nemenda heldur einnig aukinni hreyfingu ásamt því að verkefnið er góð viðbót við eineltisáætlun skólans. Ákveðið var að byrja með verkefnið einungis á miðstigi í upphafi. Skólaárið 2016 – 2017 var verkefnið fyrir nemendur í 4. – 7. bekk á skólalóð þó nemendur 3. bekkja tækju þátt í leikjum. Nemendur unglingadeildar áttu þess kost að taka þátt í skipulögðu starfi á vegum vinaliðaverkefnisins tvisvar í viku í hádegisfrímínútum innanhúss. Skólaárið 2016-2017 störfuðu Vinaliðar úr 15 bekkjardeildum í 4.-7. bekk. Úr hverjum bekk voru tilnefndir fjórir nemendur af bekkjarfélögum sínum. Samtals störfuðu 60 vinaliðar á hvorri önn úr 4. – 7. bekkjum.

- **Samspil leikskóladeild og 1. bekkur**

Samspil milli leik- og grunnskóla er liður í að brúa bil milli skólastiga. Á vorönn blandast nemendur af hvoru skólastigi saman í námstengdum viðfangsefnum. Leik- og grunnskólakennarar annast undirbúning og framkvæmd samspilsins. Nemendum er skipt í hópa og leikskóladeildin blandast inn í kennslustundir í stærðfræði og íslensku. Nemendur í 1. bekk fara í frjálsan leik á leikskóladeild.

- **Samspil 2. og 3. bekkur**

Aðlögun 2. bekkjar fyrir flutning yfir í Lágafellsskóla. Nemendur fara í heimsókn á Fræðasetrið (bókasafnið) þar sem þeir fá leiðsögn um safnið ásamt upplestri þar sem skólavinir þeirra lesa fyrir þá. Einnig fá nemendur fræðslu um skólalóðina, hvar hún endar og öryggismál er hana varðar. Skólavinir leika saman á skólalóðinni og fara svo með nemendum í matsal og borða þar saman. Að lokum fara nemendur í heimsókn í kennslustund hjá 3. bekk.

- **Erasmus – Out of the box**

Lágafellsskóli fékk Erasmus plús styrk til að taka þátt í skólasamstarfsverkefni 4ra skóla í Evrópu fyrir árið 2015 – 2017. Þessir skólar eru Vrije Basisschool í Brugg í Belgíu, Grundschule an der Oberförhringer Strasse í München í Þýskalandi, IC1Bassano í Bassano á Ítalíu og Lágafellsskóli. Verkefnið kallast “Out of the box” eða “Hugsað út fyrir kassann”. Unnið er með náttúruvísindi, tækni, upplýsingatækni og stærðfræði.

- **Danska - samskipti við danska nemendur**

Valáfangi á unglingastigi. Nemendur þjálfast í samskiptum við danska jafnaldra m.a. gegnum skype, facebook og tölvupóst og kynnast þannig landi og þjóð. Íslensku nemendurnir heimsóttu Danmörku vorið 2017 en dönsku gestirnir koma hingað að hausti 2018. Nordplus styrkur fékkst til að standa straum af ferðakostnaði. Áfram verður boðið upp á þennan valáfanga skólaárið 2017-2018.

- **Lokaverkefni 10.bekkjar**

Í lok skólaárs vinna nemendur í 10.bekk svokallað „Lokaverkefni“ þar sem fléttað er saman dönsku, ensku, íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og stærðfræði. Nemendur vinna 2 - 3 saman í hópi að verkefnunum þar sem reynir á sjálfstæð vinnubrögð, skipulagningu og samstarf. Hóparnir velja verkefni innan ákveðins ramma og mega skila á fjölbreyttan hátt. Hverju verkefni á að fylgja: dagbók, sem skrifað er í daglega um framgang verksins, líkan, auglýsingar (veggspjald, myndband), blaðagreinar, fjárhagsáætlun ásamt öðru, allt eftir eðli verkefnis. Vinna við verkefnin fer fram í skólanum og utan hans.

- **ART – hóp/bekkjarþjálfun**

Art – hóp/bekkjarþjálfun fór fram í öllum 4.bekkjum skólans á þessu skólaári. ART aðferðin vinnur að því að bæta félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðiskennd nemenda.

- **Baujan, sjálfsstyrkingarnámskeið**

Baujan er úrræði sem boðið er upp á fyrir nemendur sem þurfa að vinna með að efla sjálfsmynd, vinna með tilfinningar og að standa með sjálfum sér.

- **„Erfið samskipti stúlkna – leið til lausna“**

Námskeið sem boðið var upp á fyrir allt starfsfólk skólans og er liður í því að vinna með góð samskipti og efla bekkjaranda.

- **Fjársjóðsleitinn, sjálfsstyrkingarnámskeið**

Haldin eru námskeið reglulega yfir veturinn fyrir nemendur sem þurfa þess með. Fjársjóðsleitinn er námskeið sem ætlað er að bæta sjálfsmynd og líðan barna. Námskeiðið byggir á hugrænni atferlisfræði og eru verkefni og annað sem gert er á námskeiðinu tekið úr þeim fræðum. Tilgangur verkefnanna er að styrkja sjálfsmynd barna og bæta sjálfstjórn og færni þeirra á mismunandi sviðum.



Varmárskóli

- **Kynningarfundir að hausti**

Kynningarfundir voru haldnir fyrir foreldra í september, þrír fundir í eldri deild og tveir í yngri deildinni þar sem farið var yfir áherslur í skólastarfinu, skólareglurnar og ástundun námsins. Vel var mætt á fundina og mæltust þeir vel fyrir.

- **Fræðslunefndarfundur á sal eldri deildar 1. nóvember**

Fyrsta nóvember komu fulltrúar fræðslunefndar í heimsókn á sal eldri deildar. Nemendur úr eldri deild kynntu helstu niðurstöður frá fyrsta nemendapinginu okkar. Ásta Benediktsdóttir fagstjóri í stærðfræði kynnti verkefnið afburðanemendur og fulltrúar nemenda sögðu frá sinni hlið á verkefninu. Björk Einisdóttir, deildarstjóri í eldri deild sagði frá nýju námsmati. Þetta er mikil breyting frá því sem áður var en kennarar í eldri deild eru farnir að tileinka sér nýjan hugsunarhátt og voru þá langt komnir með að þróa þá vinnu sem nauðsynleg er til að meta nemendur út frá nýju kerfi og höfðu kynnt það nemendum og foreldrum. Það er ánægjulegt frá því að segja að það gekk ljómandi vel að útskrifa nemendur okkur eftir nýju kerfi í vor.

- **Baráttudagur gegn einelti**

Á degi gegn einelti, 8. nóvember fékk Varmárskóli heimsókn frá Rauða krossinum. Nemendur í 5.-10. bekk fengu fræðsluna Vertu næs, um fjölbreytni og fordóma, sem aðilar frá Rauða krossinum bjóða grunnskólum uppá. Þetta var létt og skemmtileg fræðsla um annars alvarlegt málefni.

- **Lestrarstefna**

Skólaárið 2016- 2017 var lestrarstefnu skólans áfram fylgt eftir. Áfram er lögð áhersla á Byrjendalæsi og PALS (pör að lesa saman) ásamt fjölbreyttum kennsluáðferðum í lestri. Yfir veturinn voru sett nokkur lestrarátök og má nefna að nemendur í 1.-7. bekk tóku þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns sem stóð yfir frá 1. janúar til 1.mars 2017. Að þessu sinni sigraði einn 1. bekkurinn í Varmárskóla og voru 369 bækur lesnar í þeim bekk.

- **Dagur íslenskrar tungu**

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16.nóvember ár hvert. Að þessu voru haldnar hátíðir á sal yngri og eldri deildar þar sem nemendur sungu, léku á hljóðfæri og fluttu ljóð. Þess má geta að sigurvegarar Stóru upplestrarkeppninnar úr Varmárskóla skólaárið 2015-2016 fluttu sjálfvöldu ljóðin sín á hátíðinni. Nemendur stóðu sig einstaklega vel, bæði þeir sem komu fram og hinir sem á hlýddu.

- **Sjálfbærni og útinám**

Sjálfbærni og útikennsla eru atriði sem Varmárskóli leggur áherslu á í námi nemenda. Nemendur skólans fara reglulega út úr kennslustofunum og nýta umhverfið til leik og náms. Hefð er orðin fyrir því að nemendur í yngri deild setja niður kartöflur að vori og taka upp að hausti. Í vetur settu nemendur í Brúarlandi og nemendur í 3. og 4. bekk niður kartöflur. Virk umhverfisnefnd er í skólanum sem leggur línur fyrir hvert ár og heldur uppi merkjum skólans í verkefninu "Skóli á grænni grein". Haustið 2016 tók umhverfisnefndin og skólinn á móti þriðja fánanum.

Nemendur í útivistarvali í eldri deild hafa gert fjölmarga áhugaverða hluti það sem af er skólaárinu. Tímunum er skipt upp í umræðu- og fyrirlestratíma annars vegar og svo vettvangsferðir hins vegar. Farið var í margar fjölbreyttar ferðir, svo sem gönguferð á Esjuna, hjólaferð í Bláfjöll í hellaskoðun, gisti í Þórsmörk og gengið út frá skálanum í lengri og styttri gönguferðir. Þetta ásamt mörgu öðru lærdómsríku og skemmtilegu.

- **Uppeldi til ábyrgðar**

Varmárskóli heldur áfram að innleiða uppbyggingarstefnuna „Uppeldi til ábyrgðar“. Þar er lögð áhersla á að kenna nemendum sjálfsstjórn og sjálfsaga og þjálfar þau í jákvæðum samskiptum. Unnið var eftir ákveðnum kennsluáætlunum á hverju stigi og þær aðlagðar að skólastarfi Varmárskóla. Páll Ólafsson, félagsfræðingur og sérfræðingur í stefnunni, hélt fyrirlestur fyrir starfsfólkið í haust þar sem hann rifjaði upp og hvatti fólk áfram til dáða. Starfsfólkið var mjög ánægt með að fá upprifjunina enda Páll hress og skemmtilegur fyrirlesari.

- **Varmárskóli - heilsueflandi skóli**

Varmárskóli er heilsueflandi skóli og má sjá merki um það í skólastarfinu. Í vetur voru starfandi nokkrir valáfangar í unglingadeild sem byggðust á heilsueflingu. Má þar nefna, líkamsrækt, skólahreysti, körfuboltaval, íþróttافرæði og útivist. Nemendur Varmárskóla hlutu Bræðrabikar UMSK en 91% nemenda í 4. – 7. bekk tóku þátt í hlaupinu og þar með áttu flesta þátttakendur. Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK kom í nóvember 2016 og færði skólanum bikarinn við mikinn fögnuð nemenda.

- **Vinaliðaverkefni**

Varmárskóli innleiddi Vinaliðaverkefnið á skólaárinu 2015-2016. Verkefnið gengur út á það að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu í frímínútum og skapa betri skólaanda. Við byrjuðum með 4.-10. bekk. Nemendur kjósa fulltrúa úr 4. – 10. bekk sem gegna mikilvægu hlutverki vinaliða. Þeir stýra fjölbreyttri afþreyingu í frímínútum fjóra daga vikunnar í yngri deild og tvo daga í eldri deild. Aðal markmiðið með þessu verkefni er að bjóða öllum nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í morgun frímínútum, þannig að bæði yngri og eldri nemendur skólans finni eitthvað við sitt hæfi. Markmið okkar er að allir nemendur skólans hlakki til að mæta í skólann sinn, alla daga.

- **Stærðfræðikeppnir**

Nemendur Varmárskóla tóku þátt í stærðfræðikeppninni í MR og stærðfræðikeppninni í Borgarholtsskóla. Þá tóku nemendur líka þátt í Pangea stærðfræðikeppninni sem er fyrir 8. og 9. bekk, en keppnin fer fyrst fram í heimaskóla og svo í lokin í HM. Að vanda stóðu nemendur sig vel í báðum keppnunum.

- **Afburðanemendur í Varmárskóla**

Vorið 2014 fékk Varmárskóli styrk úr Sprotasjóði vegna verkefnisins "Afburðanemendur í Varmárskóla". Markmið verkefnisins er að gera einstaklingsáætlanir í stærðfræði og íslensku sem komi til móts við afburðanemendur í 7. bekk, sem síðan verði áfram haldið í 8. bekk og svo koll af kolli þar til nemandi lýkur grunnskóla. Verkefnið býður upp á þrjár námsleiðir, að hraða námi sínu eftir getu, að hlaupa yfir bekk eða dýpka þekkingu sína á námsefninu. Til að byrja með er aðeins boðið upp á þetta í stærðfræði og íslensku, en skólinn vonast eftir að geta boðið þessa nýjung í flestum námsgreinum og árgöngum í framtíðinni.

Verkefnið er nú í gangi í öllum árgöngum í stærðfræði og er að feta sig áfram í íslenskunni. Það er frábært að sjá hve jákvæð áhrif verkefnið hefur á vinnu og námsárangur nemenda. Þá voru kennarnir sem stóðu að verkefninu tilnefndir til foreldraverðlauna Heimilis og vorið 2016.

- **Leiklistarval**

Leiklistarvalið í Varmárskóla sýndi í maí 2017 frumsamið leikrit „Ýkt komin yfir þig“. Allur ágóði af miðasölu rann til Dropans styrktarfélag sykursjúkra barna. Fyrrum nemandi skólans Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm sá um leikstjórn.

- **Skák eflir skóla**

Í vetur fékk Varmáarskóli styrk frá Skáksambandi Íslands til að taka þátt í verkefninu „Skák eflir skóla“. Tíu skólar voru valdir úr umsóknum og fengu peningastyrk sem þeir gátu nýtt sér til að efla skákkennslu og svo fékk kennari í skólanum þjálfun frá Skáksambandinu. Hugsunin er að kenna skák eina kennslustund á viku og ákveðinn kennari sæi um kennsluna. Söldís Björk Traustadóttir tók að sér að kenna skák í list- og verkgreinarúllum hjá fjórða bekk. Jafnframt var ákveðið að nýta peningastyrkinn til að kaupa skákklukkur fyrir skólann. Verkefnið tókst mjög vel og var Söldís Björk sérstaklega heiðruð af formanni Skáksambandi Íslands fyrir vel unnin störf.

- **Nemendapíng**

Miðvikudaginn 9. nóvember voru þemadagar í skólanum. Þemadagarnir hófust á nemendapíngi fyrstu tvær kennslustundirnar. Þetta er annað árið sem nemendapíngið er haldið í skólanum. Markmiðið er að nemendur hafi áhrif á skólastarfið á lýðræðislegan hátt enda mikilvægt að raddir nemenda og skoðanir verði virtar eftir því sem við verður komið. Markmiðið er einnig að nemendur þjálfist í að koma skoðunum sínum á framfæri og virða skoðanir annarra. Að þessu sinni var umræðuefnið gildi skólans VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA. Nemendur á öllum stigum tóku þátt í þinginu en misjafnt var hvernig framkvæmdinni var háttað á hverju stigi fyrir sig. Spurt var hvað gerum við vel varðandi gildin og hvað getum við gert betur?

Nemendur tóku saman niðurstöður og afhentu stjórnendum sem hafa fengið það hlutverk að athuga hvernig hægt er að koma til móts við athugasemdir nemenda. Samantekt helstu niðurstaðna var svo kynnt á starfsmannafundi.

- **Súpufundur og aðalfundur foreldrafélagsins**

Súpufundur var haldinn 16. maí. Varmáarskóli, skólaráð og stjórn foreldrafélags stóðu saman að fundinum. Foreldrum var boðið á skemmtilegan og áhugaverðan fyrirlestur um jákvæð og uppbyggileg samskipti. Páll Ólafsson félagsráðgjafi og fimm barna faðir hélt kynninguna og stýrði umræðum. Páll kom inn á forvarnir, mikilvægi samstöðu foreldra og sameiginlega ábyrgð heimilis og skóla. Fundurinn var vel sóttur og góður rómur gerður að fyrirlestrinum og súpunni.

Bryddað var upp á þeirri nýbreytni að halda aðalfund foreldrafélagsins við þetta tækifæri og stýrði formaður stjórnar foreldrafélagsins, Þórunn M. Óðinsdóttir, fundinum af mikilli röggsemi. Þetta var fjölmennasti aðalfundur foreldrafélags Varmáarskóla í manna minnum.

- **Skólaslitin**

Hefð er að skapast fyrir því að skólaslitin séu haldin við hátíðlega athöfn í íþróttahúsinu þar sem skólastjórar flytja ávarp og nemendur koma fram með fjölbreytt atriði. Þetta árið var sungið, dansað, leikið á hljóðfæri, auk þess sem sigurvegarar úr Stóru upplestrarkeppninni 2016-2017 lásu sjálfvöldu ljóðin sín. Það var mjög ánægjulegt að sjá hve margir foreldrar sáu sér fært að mæta.

Á heimasíðu Varmáarskóla er að finna fréttabréf þar sem sjá má áherslur úr skólastarfinu:

<http://varmarskoli.is/Umskolann/Frettabref/> og þar er einnig að sjá nánar um sum þessara verkefna <http://varmarskoli.is/Umskolann/Throunarverkefni/>.

Krikaskóli

- **Lestrarstefna Krikaskóla**

Skólaárið 2015-16 var Lestrarstefna Krikaskóla mótuð. Markmið og viðmið voru samræmd milli leik- og grunnskóla í Mosfellsbæ. Stýrihópar voru við störf til undirbúnings skólaárið 2014-15. Fyrsta árið fór í að prófa hvernig gengur að vinna eftir stefnunni og hún var síðan endurskoðuð skólaárið 2016-17 þegar próf og viðmið Menntamálastofnunar lágu fyrir. Samþykkt var við endurskoðun að taka að hluta upp lesleiknipróf sem Menntamálastofnun hefur unnið og sett í notkun ásamt stöðluðum mælikvörðum. Haldið var áfram að nýta prófin úr Leið til læsis til að geta notað þá tölfraði sem skólinn hefur komið sér upp. Markmið var sett fyrir skólaárið 2017-18 að taka að fullu upp mælitæki Menntamálastofnunar ásamt tölfraði.

- **Stærðfræði**

Unnið hefur verið með verkefnið „Stærðfræði byggð á skilningi barna“ í Krikaskóla frá 2009 eða Cognitively Guided Instruction (CGI). Sótt var um styrk í Sprotasjóð til að efla stærðfræðilæsi og fékk skólinn styrk fyrir skólaárið 2015-16. Dr. Ólöf Björg Steinvörðsdóttir hefur verið ötul í að kynna hugmyndafræðina og efla þekkingu innan skólans. Hún mun halda því áfram sem sérfræðistuðningur í þróunarverkefni um stærðfræðilæsi. Ljóst er að Krikaskóli mun halda áfram að þróa leiðir í stærðfræðikennslu ungra barna frá 2ja til 9 ára í samfelldri heild. Þróunarverkefninu sem unnið hefur verið skólaárið 2015-16 er lokið og lokaskýrsla var birt haustið 2016. Áframhald var skólaárið 2016-17 með þróun á aðkomu verkefnastjóra stærðfræðinnar inn í alla aldurshópa barna í skólanum. Þar með festast leiðir í sessi og markmiðum um samfellu í námi barna náð.

- **Þróunarverkefni um frístund**

Krikaskóli fékk styrk fyrir skólaárið 2016-17 úr Sprotasjóði fyrir verkefni um frístundastarfið – þróun þess og tengingar við annað skólastarf. Þróunarverkefnið er leitt af Soffíu F. Hede verkefnastjóra frístundar. Verkefnið hefur þróast nokkuð á skólaárinu og mun lokaskýrsla þess koma út haustið 2017. Ljóst er að það er flókið að festa í sessi verklag og áherslur þar sem frístund og annað skólastarf rennur saman. Mikilvægt er þó að vinna að samfellu á sama tíma og ákveðin skil þurfa að liggja á milli. Markmiðsetningar skólastarfs eiga ekki alltaf við í frístundastarfi og eins eru skil milli áherslna sem þarf að gæta að.

- **Jákvæður agi**

Valin hefur verið agastefna fyrir Krikaskóla, jákvæður agi. Stýrihópur var stofnaður vorið 2014 og hefur hann starfað frá þeim tíma. Fulltrúum var fjölgað í honum til að tryggja aðkomu allra hópa. Samstarfi var komið á við Naustaskóla og Naustatjörn á Akureyri. Lögð er áhersla á að agastefnan falli hugmyndafræðilega vel að skólastarfinu og því sem byggt hefur verið upp í lýðræðislegu skólastarfi. Mikilvægt er að gefa góðan tíma fyrir innleiðingu og eflingu nýrra starfshátta. Rólega hefur gengið að koma stefnunni í framkvæmd en starfsmenn Krikaskóla halda ótrauðir áfram. Hægt og rólega festist agastefnan í sessi en henni þarf regluleg að halda á lofti. Nauðsynlegt hefur verið að gefa nýju starfsfólki færi á að kynna sér áherslurnar og hugmyndafræðina en enginn verður góður nema að prófa sig áfram.

- **Samþætting leikskóla og frístundastarfs**

Samþætting milli leikskóla og frístundastarfs hefur aukist undanfarin skólaár. Val þar sem grunnskólabörnin velja sig inn á leikskóladeildir hefur notið mikilla vinsælda, börnin hafa aðstoðað við vettvangsferðir, boðið yngri börnum upp á hreyfistundir og samverustundir. Börnin úr frístundastarfinu hafa stýrt valstundum hjá yngri börnunum og svo mætti lengi telja. Mikil samfella hefur náðst með þátttöku allra kennara. Samvinna og samstarf með hagsmuni barnanna að



leiðarljósi er lykillinn í starfinu. Krikaskóli stefnir ótrauður áfram í samþættingu milli leikskólans og frístundar enda mörg sameiginleg gildi.

- **Leikskólastarfið**

Leikskólabörnin í Krikaskóla voru sett í forgrunn skólaárið 2015-16. Markmiðið var að efla starfið með 2ja til 5 ára börnunum og draga fram styrkleika starfsins og tengingar við aðra árganga í skólanum. Aðkoma list- og verkgreinakennara skólans ásamt íþróttakennara var eflað í kennslu leikskólabarna. Efling á útikennslu með útikennara sem hefur komið að börnum á aldrinum 2ja til 7 ára. Styrkt voru verkefni og aðkoma verkefnastjóra sérkennslu og stærðfræði með leikskólabörnunum. Skólaárið 2016-17 var sett á fót verkefni innan skólans til að efla fagmennsku leikskólakennara. Starfi deildarstjóra leikskóla var skipt í tvennt, daglegt starf og faglegt starf. Sett voru saman pör fyrir alla aldurshópa sem sinna hvoru hlutverkinu fyrir sig. Mjög mikil ánægja er með þetta fyrirkomulag og faglærðir leikskólakennarar geta einbeitt sér betur að faglegu starfi og innihaldi náms. Þessu verkefni verður haldið áfram í sömu mynd og vonir bundnar við að það færi leikskólakennurum meiri ánægju í sínu leiðtogahlutverki innan leikskólans.

- **Starfendarannsóknir**

Skólaárið 2016-17 voru fjölmargar starfendarannsóknir unnar við skólann. Þar má nefna „Ferð umsjónarkennara til Spánar til að skoða birtingarmynd og útfærslur á hugmyndafræði í daglegu starfi“, „Skipulagsbreytingar á stjórnun grunnskólahluta skólans – stöðumat og áætlun“, „Hugmyndabanki í listkennslu“, „Hugmyndabanki í íþróttakennslu á óhefðbundinn hátt“, „Fjölbreyttar kennsluaðferðir“, „Óhefðbundnar leiðir í tónlistarkennslu“ og ýmis fleiri.

- **Skólanámskrá og starfsáætlun**

Endurskoðaðar reglulega og ætíð verða einhverjar áherslubreytingar. Nú má helst nefna námsmat sem hefur verið í þróun á skólaárinu en námsmat hefur verið mikið til umræðu á skólaárinu. Skólaárið 2016-17 var endurskoðaður vitnisburður barnanna og sett inn mat á list – og verkgreinum hjá elsta árganginum okkar. Eins var sett fram lýsandi þróun lestrar þar sem foreldrar hafa tækifæri til að sjá hvernig þróun hefur orðið hjá barninu yfir skólaárið.

- **Umsjónarkerfi**

Skólinn ákvað að færa sig í umsjónarkerfið Námfús eftir nokkur ár með Mentor. Námfús gefur okkur betri heildarmynd yfir skólastarfið og auðveldar daglegt utanumhald og stjórnun. Mjög mikil vinna liggur að baki við að koma öllum skipulagsþáttum skólans í nýtt kerfi. Þar má nefna allar skráningar leik- og grunnskólabarna, töflur og vinnuramma starfsmanna, svæði í skólahúsnæðinu og tæki skólans. Verkefninu er ekki lokið og munum við halda áfram skólaárið 2017-18 að koma öllu sem best fyrir svo það þjóni skólanum sem best. Næst á dagskrá er að ljúka innsetningu námsmatsins og að koma upp „skólastofu“ þar sem öll gögn viðkomandi námshóps fara inn á, bæði bréf til foreldra sem og myndir viðkomandi hóps.

Samstarf fræðsluskrifstofa

Fræðsluskrifstofan leggur áherslu að vera í samstarfi við önnur sveitarfélög. Slíkt samstarf nýtist einkar vel og má þar t.d. nefna samning sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa gert með sér um flutning barna milli sveitarfélaga og rétt þeirra til að vera áfram í leik- og grunnskóla í gamla sveitarfélaginu þar til það fær skólavist í því nýja. Ennfremur er samstarf um nýjungar og þróun í starfi leikskólanna svo og í stjórnsýslunni.

Fulltrúar Fræðsluskrifstofa á landsvísu hittast á árlegum fundi þar sem m.a. fulltrúar Menntamálaráðuneytis, Jöfnunarsjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga koma og hitta þessa fulltrúa á einum stað og fara yfir ýmis málefni er varðar skólamál auk þess sem fulltrúum gefst tækifæri til að hitta kollega og ræða málín og bera saman bækur.

Í apríl síðastliðnum var slíkur fundur haldinn í Húsafelli og var dagskráin eftirfarandi:

- Framtíð skólastarfs á Íslandi
- Fagþróun kennara, starfþróun og símenntun
- Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda
- Rannsóknir og símenntun leikskólakennara og annarra starfsamanna – Kraginn
- Menntun fyrir alla á Íslandi /Innleiðing stefnumótunar
 - Úttekt á stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi
- Vinnuhópar um niðurstöður úttektar
 - Sameiginlegur skilningur á hugtakinu „skóli án aðgreiningar“
 - Löggjöf og stefnumótun
 - Stuðningskerfi og gæðastýring - hver ættu lágmarksviðmið um stoðkerfin að vera?
 - Fjárveitingar – hvernig ætti úthlutun fjármagns að vera til skóla og sveitarfélaga frá jöfnunarsjóði?
 - Námsframboð skólastiga – stuðningur...
 - Lærdómssamfélag án aðgreiningar
- Styrkleikar íslenska skólakerfisins
- Viðmið um gæði í frístundastarfi
- Heimakennsla – viðmið og reglur

Vegvísir

Í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara sem samþykktur var 29. nóvember 2016 með gildistíma til 30.11.2017 var samstarfsnefnd aðila falið, með bókun 1, að leggja fram í janúar 2017 vegvísir að aðgerðaráætlun til sveitarfélaga. Vegvísirinn fól í sér nánari greiningu á því ástandi sem kennarar og stjórnendur hafa lýst að ríki í starfsumhverfi grunnskóla og jafnframt kallað eftir úrbótum á.

Í Mosfellsbæ var settur á laggirnar stýrihópur Vegvísis til að framfylgja markmiðum hans. Stýrihópurinn starfaði samkvæmt uppsettri og samþykktri verkefnaáætlun. Meginhlutverk stýrihópsins var að greina og meta starfsaðstæður kennara í grunnskólum Mosfellsbæja. Stýrihópurinn hafði yfirumsjón með verkefninu en rýnihópar í hverjum skóla fyrir sig öfluðu rýnigagna og unnu úr þeim í formi umbótaáætlana fyrir skólana, tillögur til sveitarfélagsins til úrbóta og veganesti til samninganefnda fyrir undirbúning næstu kjarasamninga. Í maí 2017 lágu fyrir umbótaáætlanir frá grunnskólum Mosfellsbæjar og heildarskýrsla fyrir sveitarfélagið. Skólaárið 2017-2018 verður unnið úr umbótaætlunum sveitarfélagsins og settar fram aðgerðaráætlanir.



Listaskóli Mosfellsbæjar

Listaskóli Mosfellsbæjar var stofnaður 2. febrúar 2006. Listaskóli Mosfellsbæjar er rekinn og studdur af sveitarfélaginu. Listaskólinn samanstendur af tónlistardeild (sem áður var Tónlistarskóli Mosfellsbæjar), Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, Myndlistarskóla Mosfellsbæjar, og Leikfélagi Mosfellssveitar. Allar undirstofnanir Listaskólans nema tónlistardeildin eru reknar sem sjálfstæðar einingar og gerðir hafa verið samstarfssamningar á milli Listaskólans og Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar, Myndlistarskóla Mosfellsbæjar og Leikfélags Mosfellssveitar. Markmið Listaskólans er að samþætta starfsemi þessara stofnana og að tryggja tengsl milli þeirra. Þá er lögð áhersla á að fléttuð verði saman starfsemi Listaskólans við grunn- og leikskóla. Hlutverk Listaskólans er einnig að auka tengsl við aðila utan stofnana bæjarins, ekki síst starfandi listamenn. Það má því segja að Listaskóli Mosfellsbæjar sé regnhlíf yfir fjölbreytta listastarfsemi í Mosfellsbæ.

Meginverkefni skólans er að auka færni og skilning nemenda, gera þá sjálfbjarga flytjendur og njótendur tónlistar, glæða hjá þeim áhuga á hverju viðfangsefni og búa þau undir lífið á sem bestan hátt. Fastir liðir í starfinu eru öflugt tónleikahald, auk tónlistarflutnings við flest möguleg tækifæri, þar sem nærveru okkar er óskað.

Skólahljómsveitin leikur opinberlega meira en 60 sinnum á ári. Nánar má lesa um starfsemi Skólahljómsveitarinnar í ársskýrslu þeirra.

Listaskólinn hélt 47 opinbera tónleika og voru þeir allir vel sóttir. Nýmæli á þessu skólaári voru sérstakir kennaratónleikar, sem haldnir voru í nóvember í tilefni af 50 ára afmæli tónlistarskóla í Mosfellsbæ og 10 ára afmæli Listaskólans. Þóttu þeir takast mjög vel og er ætlunin að þeir verði fastur liður í vetrarstarfinu. Einnig var leikið við ýmiss tækifæri m.a. á Bæjarhátíðinni og í Íþróttamiðstöðinni að Varmá í janúar, þegar afhentar voru viðurkenningar til íþróttamanna Mosfellsbæjar. Þá héldu nemendur tvenna tónleika fyrir eldri borgara á Eirhömrum og gítarnemendur fóru í árlega tónleikaferð og léku að þessu sinni fyrir eldri borgara í Kjósinni í Ásgarði í Kjós. Rytmískar hljómsveitir úr skólanum léku svo á torginu í miðbænum á útivistardegi laugardaginn 13. maí.

Það er líka eitt af markmiðum skólans, að gera starfsemina sýnilegri í bæjarfélaginu og efna til samstarfs við ýmsa aðila. Stærsti liðurinn í því hefur verið opin vika, sem jafnan er haldin í febrúar. Þá höfum við brotið upp hefðbundið starf í skólanum og haldið tónleika víðs vegar um bæinn. Í þetta sinn vorum við með opna viku 13. – 19. febrúar.

Dagur Listaskólans var haldinn hátíðlegur laugardaginn 4. mars. Í þetta sinn var opið hús í Háholti 14 og Skólahljómsveitinni og Myndlistarskólinn sýndi verk nemenda á göngum Listaskólans. Leikfélagið var með sýningar í Bæjarleikhúsinu á Skilaboðaskjóðunni. Þá voru lög úr lagasafni Ellu Fitzgerald, drottningar jazzins í Hlégarði. Flytjendur voru söngnemendur Listaskólans og hljómsveit nemenda undir stjórn Sigurjóns Alexanderssonar. Leikstjóri var Agnes Wild.

Í framhaldi af þeim tónleikum er nú á döfinni að setja upp sýningu í Bæjarleikhúsinu í haust, sem verður samstarfsverkefni okkar og leikfélagsins. Verður tónlist, sem tengist Ellu Fitzgerald, hryggjarstykkið í þeirri sýningu.

Þá höfum við líkt og áður átt gott samstarf við nokkra kóra í Mosfellsbæ og Karlakór Kjalnesinga og útvegað þeim æfingaaðstöðu til að halda æfingabúðir og Kammerkór Mosfellsbæjar æfði reglulega í skólanum í vetur undir stjórn Símonar Ívarssonar, svo og kór starfsfólks á leikskólum bæjarins, kvennakórinn Stöllurnar, sem Ragnheiður Árnadóttir stjórnar.

Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskóla, var haldin í mars og apríl. Svæðistónleikar fyrir Suðurland, Suðurnes og Kragann fóru fram í Salnum í Kópavogi sunnudaginn 13. mars. Frá okkur fóru í þetta sinn tveir rytmískir tónlistarhópar: Samspil (Grunnstig), Þórhallur Ými Eggertsson, Ólafur Freyr Finnsson, Hrannar Haraldsson og Andri Eyfjörð Jóhannesson. Samspil (miðstig), María Gyða Pétursdóttir, Gunnar Hinrik Hafsteinsson, Magnús Þór Sveinsson, Jón Magnús Jónsson og Sigurjón Alexandersson. Stóðu þau sig með mikilli prýði og vantaði herslumuninn upp á að komast á lokatónleika Nótunnar í tónlistarhúsinu Hörpu.

	2006-2007	2007-2008	2008-2009	2009-2010	2010-2011	2011-2012	2012-2013	2013-2014	2014-2015	2015-2016	2016-2017
Stöðugildi	14,5	15,6	16	15,7	14,5	14,5	14,5	14,5	14,5	13,5	13,5
Fjöldi starfsm.	25	29	28	28	28	28	28	27	27	26	25
Nemendafjöldi	214	234	259	249	247	247	228	223	222	210	210





Lokaorð

Metnaður og fjölbreytni er einkennandi í öllu skólastarfi hvort sem litið er til leikskóla, grunnskóla, frístundaselja eða Listaskóla.

Ársskýrslan endurspeglar þessa fjölbreytni og það gróskumikla starf sem er í gangi í skólum Mosfellsbæjar og er langt frá að allt sé upp talið. Mörg minni og stærri verkefni eru í gangi á hverjum stað en mikilvægustu eru þó alltaf hin daglegu störf og sú festa sem einkennir gott skólastarf.

Innleiðing nýrra aðalnámskráa og nýs námsmats hefur verið fyrirferðamikil í starfi leik- og grunnskóla síðastliðin ár. Innleiðing sem hefur haft í för með sér nýja sýn á bæði kennsluhætti og námsmat auk almennrar skólaþróunar. Umræða og stefnumótun um læsi hefur verið áberandi bæði í almennri umræðu í samfélaginu sem og í skólasamfélagi Mosfellsbæjar og er það gott. Enginn vafi er á því að allir aðilar eru sammála um mikilvægi læsis og þess að snúa bókum saman og setja læsi í öndvegi til framtíðar.

Leik- og grunnskólar í Mosfellsbæ eru fjölmennir og fjölbreyttir og kallar það á mikinn sveigjanleika og aðlögun innan skólanna, samvinnu milli skóla, við foreldra og samfélagið, framsækni við úrlausnir og nýjar leiðir við þau verkefni sem þessari fjölgun fylgir.

Hér hefur verið stiklað á stóru en ljóst er að árangursríkt og farsælt skólastarf í Mosfellsbæ byggist á öflugum starfsmönnum og stjórnendum, jákvæðum viðhorfum foreldra og þátttöku þeirra í námi barna.

Fræðsluskrifstofa Mosfellsbæjar vill koma á framfæri þökkum til allra sem standa að skólasamfélagi Mosfellsbæjar fyrir metnað og vel unnin störf til handa börnum og ungmönnum bæjarins.

Mosfellsbæ, ágúst 2017
Fræðsluskrifstofa Mosfellsbæjar

